

Stjórnartíðindi

2004 - B-deild - B96-100

Útgáfa 1.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prentteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 96-100

Nr. 664-687

2004

Efnisyfirlit B 96–100 2004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
664	3. ágúst	Auglýsing um deiliskipulag í Kópavogi	1733
665	11. ágúst	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Reykjaneshæjar 1995-2015, lóð Fjölbautarskóla Suðurnesja	1734
666	12. ágúst	Auglýsing um deiliskipulagsbreytingar á Akranesi	1734-1735
667	12. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 403/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti	1735
668	12. ágúst	Reglugerð um veiðar dagabáta fiskveiðiárið 2004/2005	1736-1738
669	12. ágúst	Reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2004/ 2005	1738-1745
670	12. ágúst	Reglugerð um úthlutun sérstakra aflaheimilda til krókafla- marksbáta á fiskveiðiárinu 2004/2005	1745
671	12. ágúst	Reglugerð um úthlutun á fiskveiðiárinu 2004/2005 skv. 9. gr. a í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum	1746
672	12. ágúst	Reglugerð um sérstaka úthlutun skv. 1. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38, 15 maí 1990, til skel- og rækjubáta	1747
673	12. ágúst	Reglugerð um línuúvilnun	1748
674	12. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 365, 15. janúar 2002, um þorskfisknet	1749
675	6. ágúst	Skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Stefaníu Guðrúnar Pét- ursdóttur	1750-1751
676	3. ágúst	Skipulagsskrá fyrir veiðibótasjóðinn Blending	1751-1754
677	30. júlí	Reglugerð um hleðslumerki skipa	1754-1760
678	26. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 680/1999 um ráð- stafanir til að stuðla að bættu öryggi og heilsu flugverja ..	1760-1761
679	9. ágúst	Auglýsing um deiliskipulag fyrir „Bessahraun 1- 15“ í Vest- mannaeyjum	1761
680	30. júlí	Reglugerð um vinnu- og hvíldartíma skipverja á farþega- skipum og flutningaskipum	1761-1770
681	30. júlí	Reglugerð um heimild finnskra og hollenskra ríkisborgara til að stofna til staðfestrar samvistar á Íslandi	1771
682	12. ágúst	Auglýsing um deiliskipulagsbreytingu í Borgarfjarðarsveit ..	1771
683	30. júlí	Gjaldskrá Hornafjarðarhafnar	1772-1775
684		Reikningur Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2003	1776-1778
685	10. ágúst	Auglýsing um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 3/2004 um heimild handhafa flugrekstrarleyfa útgefinna af Flugmálastjórn Íslands til að taka upp JAR- OPS 1, Amendment 6, útg. 1. ágúst 2003	1779
686	10. ágúst	Auglýsing um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 4/2004 um skilyrði fyrir samþykki á lista yfir lágmarksbúnað (MEL) flugvéla hjá handhöfum flug- rekstrarleyfa útgefinna af Flugmálastjórn Íslands	1779
687	13. ágúst	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykja- vík	1780

STJÓRNARTÍÐINDI B 96 – 2004

3. ágúst 2004

1733

Nr. 664

AUGLÝSING um deiliskipulag í Kópavogi.

Digranesvegur 58. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 16. júlí 2004 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 58 við Digranesveg. Í breytingunni felst að heimilt verður að rífa íbúðarhús byggt 1942 og þriggja hæða fjölbýlishús með sex íbúðum byggt í staðinn. Tillagan var auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 2. apríl til 7. maí 2004 með athugasemdafresti til 24. maí 2004. Athugasemd barst. Með tilvísan í framkomna athugasemd var á fundi skipulagsnefndar 6. júlí 2004 samþykkt að fyrirhuguð bygging að Digranesvegi 58 verði færð, miðað við kynnta tillögu, sem nemur 1 metra til norðurs þ.e. nær götu; fyrirkomulagi bílastæða var breytt og gatnamót Digranesvegur og Meltraðar færð inn á deiliskipulagsuppdráttinn. Tillagan var síðan samþykkt í bæjaráði Kópavogs þann 16. júlí 2004 eins og áður segir.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 3. ágúst 2004.

Birgir H. Sigurðsson, skipulagsstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 97 – 2004

Nr. 665

1734

11. ágúst 2004

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, lóð Fjölbrautarskóla Suðurnesja.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 11. ágúst 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015 frá 28. mars 1996.

Breytingin felst í því að opið svæði til sérstakra nota, merkt Ú14 – verndað svæði, verður svæði fyrir stofnanir, vegna fjölgunar bílastæða á lóð Fjölbrautarskóla Suðurnesja.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 11. ágúst 2004.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

Nr. 666

12. ágúst 2004

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingar á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Ásabrautar 2, 4, 6, 8 og 10 – Ásar og Traðabakkaland á Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 5. ágúst 2004, var samþykkt breyting á deiliskipulagi Ásabrautar.

Breytingin felst í að færa mörk byggingarreits fram um 2 metra í suðaustur og er breytingin hugsuð til að byggja sólhýsi.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. 2. mgr., 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 12. ágúst 2004.

Þorvaldur Vestmann,

sviðsstjóri tækni- og umhverfisviðs Akraneskaupstaðar.

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 403/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á dúfum, fasönum, dádýrum og annars – lyng hænum og strútum, frystum, í 2. gr. reglugerðarinnar:

<i>Tollnúmer:</i>	<i>Vara</i>	<i>Tímabil</i>	<i>Vörumagn</i>	<i>Verðtollur</i>	<i>Magntollur</i>
	<i>Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, fryst</i>		6.000		
0208.9001	Dúfur	13.08.04 – 30.06.05		0	272
0208.9002	Fasanar	13.08.04 – 30.06.05		0	272
0208.9004	Dádýr	13.08.04 – 30.06.05		0	272
<i>Úr tollnr.:</i>					
0208.9009	Annars – Lynghænur og strútar, fryst	13.08.04 - 30.06.05		0	272

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 12. ágúst 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Niels Árni Lund.

STJÓRNARTÍÐINDI B 98 – 2004

Nr. 668

1736

12. ágúst 2004

REGLUGERÐ

um veiðar dagabáta fiskveiðiárið 2004/2005.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til veiða þeirra báta, sem aðeins mega stunda handfæraveiðar í tiltekinn fjölda sóknardaga, sbr. lokamálsgrein 2. gr. laga nr. 74, 7. júní 2004, um breytingar á lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Í upphafi fiskveiðiársins 2004/2005 skal Fiskistofa úthluta hverjum báti sóknardögum miðað við 10% skerðingu frá varanlegum sóknarheimildum eins og þær voru miðað við 10. maí 2004, sem heimilt er að nýta til veiða samkvæmt reglugerð þessari, en þó er óheimilt að stunda veiðar á tímabilinu 1. nóvember 2004 - 31. mars 2005, sbr. þó 2. mgr. 4. gr.

2. gr.

Við útreikning á nýtingu sóknardaga skal miða við þann tíma sem bátur er á sjó og telst hver sóknardagur 24 klukkustundir. Sókn hvers báts skal reiknuð frá þeim tíma er bátur lætur úr höfn til þess er bátur kemur til hafnar til löndunar afla. Hver veiðiferð reiknast í heilum klukkustundum og telst hafin klukkustund heil klukkustund í því sambandi.

Skipstjóri skal tilkynna Fiskistofu um upphaf veiðiferðar áður en lagt er úr höfn. Telst veiðiferð hafin þegar tilkynning er send. Skipstjóri skal einnig tilkynna Fiskistofu þegar afla er landað hverju sinni. Tilkynningar skal senda í gegnum Símakrók, sjálfvirkan þjónustusíma Fiskistofu. Í tilkynningu skal ávallt koma fram úr hvaða höfn haldið er í veiðiferð og ennfreður í hvaða höfn afla er landað.

Við eftirlit með sókn dagabáta hefur Fiskistofa aðgang að sjálfvirku tilkynningarkerfi íslenskra skipa. Komi upp misræmi milli tilkynninga samkvæmt 2. mgr. og skráningar samkvæmt sjálfvirka tilkynningarkerfinu getur Fiskistofa ákveðið að hin sjálfvirka skráning verði lögð til grundvallar við útreikning sóknar. Óheimilt er að fara í róður nema sjálfvirka tilkynningatæki bátsins sé virkt.

Fiskistofu er þó heimilt að veita tímabundna undanþágu frá skilyrði 3. mgr. enda hafi bátur gilt haffærisskírteini og fyrir liggi staðfesting umboðsaðila þess efnis að tæki til sjálfvirkar tilkynningar hafi verið pantað í viðkomandi bát eða sé í viðgerð. Undanþágu er heimilt að veita í allt að mánuði í senn en þó ekki lengur en tvo mánuði samtals.

3. gr.

Utan sóknardaga eru dagabátum bannaðar allar veiðar á nytjastofnum. Fiskistofa getur þó veitt leyfi til sérstakra veiða á botndýrum með plógum og gildrum svo og til hrognkelsaveiða í net, samkvæmt reglugerðum þar að lútandi.

Fái dagabátur sérstakt leyfi, samkvæmt 1. mgr., er honum óheimilt að nýta sóknardaga þann tíma sem leyfið gildir. Velji eigandi þann kost að nýta ekki allan gildistíma leyfisins, skal hann tilkynna til Fiskistofu hvenær hann hættir að nýta leyfið og er honum eftir það heimilt að nýta sóknardaga bátsins.

Landi dagabátur sem stundar hrognkelsaveiðar aukaafli í botnfiski, getur Fiskistofa áætlað sóknartíma á bátinn vegna aukaafllans. Skal Fiskistofa þá miða við að ákveðið magn leiði til einnar sóknarklukkustundar og taka mið af meðalafla hjá krókabátum við handfæraveiðar á sama tíma.

Nýti dagabátur leyfi, samkvæmt 1. mgr., til þess að veiða aðrar tegundir en leyfið miðast við, varðar það leyfissviptingu og viðurlögum skv. 6. gr.

4. gr.

Óheimilt er dagabáti að vera á sjó með veiðarfæri utan sóknardaga.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að flytja dagabáta milli hafna með veiðarfæri um borð, enda sé slíkur flutningur fyrirfram tilkynntur Fiskistofu. Í þeirri tilkynningu komi fram milli hvaða hafna bátur er fluttur. Fari bátur á sjó án veiðarfæra á því tímabili sem um ræðir í 1. mgr. skal eigandi hans tilkynna það fyrirfram til Fiskistofu. Tilkynningar skal senda í gegnum Símakrók, sjálfvirkan þjónustusíma Fiskistofu. Tæki til sjálfvirkar tilkynningar skal einnig virkt, nema undanþága hafi verið veitt samkvæmt 4. mgr. 3. gr.

Heimilt er dagabátum að stunda veiðar í tómstundum, enda séu engin veiðarfæri um borð, önnur en handfæri án sjálfvirknibúnaðar og veiðistangir. Afli sem fæst við slíkar veiðar er ekki heimilt að selja eða fénýta á annan hátt. Skipstjórar báta sem fara til tómstundaveiða skulu tilkynna Fiskistofu um það áður en veiðiferð hefst.

Ef ekki er tilkynnt með fullnægjandi hætti sbr. 2. og 3. mgr. reiknast fjarvera báts úr höfn sem sókn.

5. gr.

Heimilt er að flytja heila sóknardaga innan fiskveiðiársins milli dagabáta. Sé sá bátur sem sóknardagarnir eru fluttir til, stærri í brúttótonnum talið en sá bátur sem dagarnir eru fluttir frá skal skerða flutta sóknardaga í hlutfalli við stærðarmun bátanna. Á sama hátt skal skerða sóknardaga báts sem er stækkaður en óheimilt er að stækka sóknarbát þannig að hann verði 6 brúttótonn eða stærri. Flutningur sóknardaga til minni báts eða breytingar á báti, sem leiða til minnkunar hans hafa ekki áhrif á fjölda sóknardaga.

Óheimilt er að flytja hlutfallslega fleiri sóknardaga frá báti, umfram þá daga sem fluttir hafa verið til báts, en sem nemur hlutfallslegri nýtingu bátsins á úthlutuðum sóknardögum á fiskveiðiárunum 1996/1997 og 1997/1998. Í því sambandi skal miðað við meðaltal af sóknardaganýtingu áranna.

Séu sóknardagar fluttir frá báti skulu þeir sóknardagar sem báturinn hefur eftir flutninginn vera mismunur þess fjölda sóknardaga sem heimilt er að flytja frá bátum og þeirra sóknardaga sem fluttir hafa verið, að teknu tilliti til sóknardaga, sem fluttir hafa verið til bátsins. Séu sóknardagar fluttir til báts, sem hefur sóknardaga fyrir, breytist ekki sóknardaganýting, sbr. 2. mgr. á þeim dögum sem fyrir voru.

Við útreikning daga samkvæmt þessari grein skal broti sleppt.

Tilkynna skal til Fiskistofu um flutning sóknardaga milli báta og öðlast flutningurinn ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest hann. Umsóknir um flutning sóknardaga milli báta innan fiskveiðiársins 2004/2005 skulu hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 15. september 2004.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum VI. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, og lögum nr. 57, 3. júní 1996, um umgengi um nytjastofna sjávar. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Um gjald vegna ólögmæts sjávaraflla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávaraflla.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 74, 7. júní 2004, öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda 1. september 2004 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. ágúst 2004.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2004/2005.

Veiðileyfi í atvinnuskyni.

1. gr.

Veiðar í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu leyfi Fiskistofu. Um veitingu veiðileyfa í atvinnuskyni gildir 5. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Heildarafli og veiðitímabil.

2. gr.

Fyrir fiskveiðiárið 1. september 2004 til 31. ágúst 2005 er leyfilegur heildarafli í óslægðum botnfiski sem hér segir:

Tegund	1. Lestir	2. Lestir	3. Lestir	4. Lestir	5. Lestir	6. Lestir	7. Lestir	8. Lestir
1. Þorskur	205.000	3.000	610	2.915	2.603		3.375	192.497
2. Ýsa	90.000	-	268	1.280	1.143	500	750	86.059
3. Ufsi	70.000	-	208	995	889	150	-	67.758
4. Steinbítur	13.000	-	39	185	165	500	900	11.211
5. Karfi	57.000	-	-	-	-	-	-	57.000
6. Grálúða	15.000	-	-	-	-	-	-	15.000
7. Sandkoli	5.000	-	-	-	-	-	-	5.000
8. Skrápflúra	5.000	-	-	-	-	-	-	5.000
9. Skarkoli	5.000	-	-	-	-	-	-	5.000
10. Þykkvalúra	1.600	-	-	-	-	-	-	1.600
11. Langlúra	2.000	-	-	-	-	-	-	2.000
12. Keila	3.500	-	-	-	-	-	-	3.500
13. Langa	4.000	-	-	-	-	-	-	4.000
14. Skötuselur	2.000	-	-	-	-	-	-	2.000

Skýringar á töflu:

1. Leyfilegur heildaraflí.
2. Til jöfnunar skv. 9. gr. a laga nr. 38/1990.
3. Til ráðstöfunar Bygðastofnunar skv. ákvæði til brb. XXVI laga nr. 38/1990.
4. Til uppbóta skv. 1. ml. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/1990 (skel- og rækjubætur).
5. Til ráðstöfunar skv. 2. ml. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/1990 (til stuðnings byggðarlögum).
6. Til ráðstöfunar samkvæmt b. lið 2. gr. laga nr. 147, 20. desember 2003 (krókaafلامارمكs-bátar).
7. Til línuválnunar samkvæmt b. lið 3. gr. laga nr. 147, 20. desember 2003.
8. Til úthlutunar á grundvelli aflahlutdeildar.

Aflamark í botnfiski miðast við slægðan fisk með haus nema í karfa sem miðast við óslægðan fisk. Aflamark í karfa getur komið til endurskoðunar í október 2004, að lokinni úttekt á stofngerð karfa.

Aflamark í sandkola og skrápflúru miðast við afla sem veiddur er á svæði sunnan 64°30'N við Austurland og sunnan við línu sem dregin er réttvísandi vestur úr Öndverðar-nesi. Afli í sandkola og skrápflúru sem veiddur er norðan þessara lína reiknast ekki til aflamarks, sbr. 2. mgr. 14. gr.

Þá er ráðherra heimilt að úthluta viðbótaraflamarki, sem nemur allt að 60 lestum samtals af óslægðum þorski til báta, sem komu í stað annarra báta á tímabilinu frá 1. september 1997 til 17. mars 1999, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum settum í 9. gr. a. í lögum nr. 38/1990, með síðari breytingum.

3. gr.

Á tímabilinu 1. september 2004 til 31. ágúst 2005 er leyfilegur heildaraflí í öðrum tegundum en botnfiski sem hér segir:

	Tegund	Lestir
1.	Síld (íslensk sumargotssíld)	110.000
2.	Úthafsækja.....	20.000
3.	Humar	1.500
4.	Hörpudiskur samtals.....	0
5.	Innfjarðarækja samtals	500
	þ.a. Arnarfjörður.....	500

Aflamark í uppsjávarfiski miðast við óslægðan fisk. Aflamark í humri miðast við slitinn humar.

Leyfilegur heildaraflí af innfjarðarækju og úthafsækju, skv. 2. og 5. tl., er miðaður við bráðabirgðatillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um upphafs afla og verður ákvörðun um heildarafla í þessum tegundum endurskoðuð að fengnum nýjum tillögum.

Veiðitímabil síldar er frá og með 1. september 2004 til 1. maí 2005.

Miðað er við að veiðitímabil innfjarðarækju standi frá 1. október 2004 til 1. maí 2005. Heimilt er með tilkynningu til leyfishafa að breyta veiðitíma á ákveðnum veiðisvæðum innfjarðarækju, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar.

Óheimilt er að stunda humarveiðar frá og með 1. október 2004 til og með 15. mars 2005.

Veiðitími og heildaraflí annarra tegunda er ákveðinn í sérstakri reglugerð.

Úthafsrækjuveiðisvæði.

4. gr.

Til úthafsrækju telst rækja, sem veidd er á svæðum, sem skilgreind eru í reglugerð nr. 304, 3. maí 1999, um úthafsrækjuveiðisvæði og fl., og enn fremur rækja, sem veidd er innan viðmiðunarlínu á Breiðafirði sunnan 65°10'N.

Úthafsrækja sem veidd er á Dohrnbanka vestan 26°V og norðan 65°30'N telst ekki til aflamarks í úthafsrækju, enda staðfesti skipstjóri nákvæmlega í afladagbók hversu mikill afli sé fenginn á því svæði og tilkynni um veiðar og afla skv. 3. mgr. 14. gr. reglugerðar þessarar. Auk þess skulu skip sem veiðar stunda á Dohrnbanka búin fjarskiptabúnaði, sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til Landhelgisgæslunnar um staðsetningu skipsins á klukkustundar fresti. Skulu sendingar samkvæmt ofangreindu hefjast þegar viðkomandi skip lætur úr höfn og ekki ljúka fyrr en skipið kemur til hafnar að nýju til löndunar afla. Vanræksla á sjálfvirkum sendingum tilkynninga, rangar eða villandi upplýsingar í dagbók eða tilkynningum til Fiskistofu skulu leiða til þess, að allur rækjuafli skipsins í veiðiferðinni reiknist til aflamarks í úthafsrækju.

Skipting leyfilegs afla.

5. gr.

Veiðiheimildum í þeim tegundum sem heildarafli er takmarkaður af, skv. 2. og 3. gr. skal skipt milli einstakra skipa, sem afhlutdeild eða krókaafhlutdeild hafa í viðkomandi tegund. Úthlutað aflamark (krókaafhlutdeild) hvers skips í hverri einstakri tegund ræðst annars vegar af aflahlutdeild (krókaafhlutdeild) skipsins í viðkomandi tegund en hins vegar af úthlutaðu heildaraflamarki í tegundinni skv. 2. og 3. gr.

Afhlutdeild hvers skips skal vera sú sama og skipinu var úthlutað fyrir fiskveiðiárið 1. september 2003 til 31. ágúst 2004, að teknu tilliti til flutnings á aflahlutdeild milli skipa og úthlutun krókaaflamarks samkvæmt 2. gr. laga nr. 74, 7. júní 2004.

Áður en leyfðum heildarafla er skipt á grundvelli aflahlutdeilda er eftirtalið dregið frá:

1. Aflaheimildir, sem ráðstafað er samkvæmt 9. gr. laga nr. 38/1990.
2. Aflaheimildir sem úthluta skal skv. 9. gr. a. í lögum nr. 38/1990.
3. Aflaheimildir sem Byggðastofnun hefur til ráðstöfunar skv. ákvæði til bráðabirgða XXVI í lögum nr. 38/1990.
4. Aflaheimildir samkvæmt b. lið 2. gr. laga nr. 147, 20. desember 2003.
5. Aflaheimildir og áætlaður afli samkvæmt b. lið 3. gr. nr. 147, 20. desember 2003.

Krókaaflamarksbátar/dagabátar.

6. gr.

Bátum, sem leyfi hafa til veiða með krókaaflamarki, skal úthlutað krókaaflamarki í þorski, ýsu, ufsa, steinbít, löngu, keilu og karfa á grundvelli krókaafhlutdeilda þeirra sbr. og 2. gr. laga nr. 74, 7. júní 2004. Um krókaafhlutdeild og krókaaflamark gilda sömu reglur um útreikning, nýtingu og framsal og gilda um aflahlutdeild og aflamark nema öðruvísi sé kveðið á um í lögum eða reglugerð þessari.

Bátum sem leyfi hafa til veiða með krókaaflamarki, er einungis heimilt að stunda veiðar með línu og handfærum. Fiskistofa getur veitt undanþágu frá banni þessu með sérstökum leyfum til veiða á botndýrum með plógum og gildrum svo og til hrognkelsaveiða í net. Afli sem fæst við slíkar veiðar reiknast til aflamarks bátsins.

Heimilt er að flytja til krókaaflamarksbáts aflamark í öðrum tegundum botnfisks en tilgreindar eru í 1. mgr. þessarar greinar. Aflahlutdeild í öðrum tegundum en tilgreindar eru í 1. mgr. er ekki heimilt að flytja til krókaaflamarksbáts. Veiði bátur aðrar tegundir en hann hefur krókaaflamark í, skal skerða aflamark hans í öðrum tegundum samkvæmt 1. mgr. 10.

gr. laga nr. 38/1990 og reglum settum þar. Hverjum báti skal þó heimilt, án þess að til skerðingar komi, að veiða allt að 2% af heildarafla sínum í kvótabundnum botnfisktegundum, öðrum en þeim sem tilgreindar eru í 1. mgr., þó þannig að afli í einni tegund fari aldrei yfir 1% af heildarafla bátsins.

7. gr.

Bátar, sem eingöngu stunda veiðar með handfærum með dagatakmörkunum, samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga nr. 38/1990, sbr. lokamálsgrein 2. gr. laga nr. 74, 7. júní 2004, kallast dagabátar. Um veiðar dagabáta gilda ákvæði reglugerðar um veiðar dagabáta fiskveiðiárið 2004/2005.

Útreikningur aflamarks.

8. gr.

Þegar umreikna skal óslægðan fisk í slægðan skal margfalda magn þorsks, ýsu og ufsa með 0,84, grálúðu, skarkola, sandkola, skrápflúru, langlúru og þykkvalúru með 0,92, steinbíts, keilu og skötusels með 0,90 og löngu með 0,80.

Þegar umreikna skal slægðan fisk í óslægðan skal deila í magn þorsks, ýsu og ufsa með 0,84, grálúðu, skarkola, sandkola, skrápflúru, langlúru og þykkvalúru með 0,92, steinbíts, keilu og skötusels með 0,90 en löngu með 0,80.

Þegar umreikna skal slitinn humar yfir í óslitinn skal margfalda vegið magn humarhala með 3,25. Þegar umreikna skal óslitinn humar yfir í slitinn humar skal deila í vegið magn óslitins humars með 3,25.

Sé botnfiskafli, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, ekki endanlega vigtaður hér á landi og skráður í aflaskráningarkerfið Lóðs fyrir útflutning, samkvæmt reglugerð nr. 522/1998, um vigtun sjávarafla, skal reikna aflann með 10% álagi til aflamarks.

Þorskur styttri en 50 cm (27 cm hausaður) og ufsi styttri en 50 cm (31 cm hausaður), ýsa styttri en 45 cm (26,5 cm hausuð) og karfi styttri en 33 cm teljast að hálfu til aflamarks, enda fari afli undir áðurgreindum stærðarmörkum ekki yfir 10% af viðkomandi tegund í veiðiferð. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda þó ekki um afla sem flakaður er um borð í veiðiskipi. Hausaðan fisk skal mæla frá sporðsenda að gotrauf.

Komi afli í veiðarfæri skips, sem er selbitinn eða skemmdur á annan hátt, sem ekki er unnt að komast hjá við tilteknar veiðar, skal ekki reikna þann afla til aflamarks enda sé honum haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn og skráður sérstaklega. Þennan afla er eingöngu heimilt að nýta til bræðslu.

Heimilt er skipstjóra að ákveða að hluti aflans reiknist ekki til aflamarks skipsins. Þessi heimild takmarkast við 0.5% af uppsjávarafla og 5% af öðrum sjávarafla, sem viðkomandi skip veiðir á fiskveiðiárinu og er bundin eftirfarandi skilyrðum:

- a. Aflann sé haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn og skráður sérstaklega.
- b. Aflinn sé seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafla og andvirði hans renni til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins.

Um heimild til veiða umfram aflamark í einstökum fisktegundum sem skerðir aflamark annarra botnfisktegunda hlutfallslega gildir ákvæði 1. mgr. 10. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Sú takmörkun 2. málslíðar 10. gr. að heimildin miðist við 2% af heildaraflaverðmæti botnfiskaflamarksins gildir þó ekki við veiðar á þessum tegundum: löngu, keilu, langlúru og skarkola.

9. gr.

Þegar meta skal til hvaða fiskveiðiárs tiltekinn afli telst, skal miða við hvenær afla er landað hér á landi. Þannig telst afli sem landað er 1. september 2004 eða síðar til fiskveiðiársins 1. september 2004 til 31. ágúst 2005, enda þótt veiðiferð hefjist fyrir upphaf þess fiskveiðiárs.

Sigli skip með eigin afla á erlendan markað, skal afli teljast til þess fiskveiðiárs, þá er skipið sannanlega hættir veiðum fyrir siglingu.

Framsal aflamarks og aflahlutdeildar.

10. gr.

Þegar fiskiskipi hefur verið úthlutað aflamarki, er heimilt að flytja aflamarkið á milli fiskiskipa enda leiði flutningurinn ekki til þess að veiðiheimildir skipsins verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Krókaafلامark verður aðeins flutt til báts, sem hefur veiðileyfi með krókaafلامarki og er undir 15 brúttótonnum.

Á hverju fiskveiðiári er einungis heimilt að flytja af fiskiskipi aflamark, umfram aflamark sem flutt er til skips sem nemur 50% af samanlögðu aflamarki sem skipi er úthlutað. Heimilt er Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings aflamarks vegna breytinga á skipakosti viðkomandi útgerðar eða þegar skip hverfur úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjótjóns.

Tilkynna skal Fiskistofu um flutning aflamarks á eyðublaði sem Fiskistofa gefur út og öðlast flutningurinn ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest hann. Í tilkynningunni skulu koma fram upplýsingar um nöfn og skipaskrárnúmer þeirra skipa sem aflamark er flutt á milli og magn aflamarks, auk upplýsinga um verð aflamarks nema skipin séu í eigu sama aðila. Eigandi og útgerðaraðili þess skips sem aflamarkið er flutt frá skulu undirrita og leggja fram tilkynningu um flutning og skal tilkynningin einnig vera undirrituð af útgerðaraðila þess skips sem aflamarkið er flutt til.

Tilkynningu um flutning aflamarks skal fylgja staðfesting Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggi samningur útgerðar og áhafnar þess skips sem aflamarkið er flutt til, um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum. Skal sá samningur uppfylla kröfur sem Verðlagsstofa skiptaverðs gerir samkvæmt ákvæðum laga nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna með síðari breytingum. Telji Verðlagsstofa skiptaverðs að gildissvið laga nr. 13/1998 nái ekki yfir viðkomandi skip, skal staðfesting Verðlagsstofu skiptaverðs lúta að því.

Sá sem tilkynnir um flutning aflamarks skal greiða Fiskistofu flutningsgjald að fjárhæð kr. 2.000 með hverri tilkynningu. Gjaldþagi reiknings er við útgáfu reiknings og eindagi er 15 dögum síðar. Gjaldið er óendurkræft. Hafi reikningur ekki verið greiddur á eindaga er Fiskistofu heimilt að stöðva frekari flutning aflamarks frá og til viðkomandi fiskiskips.

Fiskistofa skal daglega birta aðgengilegar upplýsingar um flutning aflamarks, þar á meðal um magn eftir tegundum, auk upplýsinga um verð, þar sem við á.

Tilkynning um flutning aflamarks skal hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 15 dögum eftir að veiðitímabili lýkur.

11. gr.

Flutning á aflahlutdeild milli fiskiskipa skal tilkynna Fiskistofu skriflega fyrirfram. Krókaflahlutdeild verður aðeins flutt til báts sem hefur veiðileyfi með krókaafلامarki og er undir 15 brúttótonnum. Eigandi þess skips, sem aflahlutdeildin er flutt frá, skal undirrita beiðni um flutning. Við flutning á aflahlutdeild skal leggja fram veðbókarvottorð þess skips sem flutt er frá auk skriflegs samþykkis eftirgreindra aðila: a. aðila er þinglýst samningsveð áttu í skipinu 1. janúar 1991, b. aðila, sem eiga þinglýsta kvöð á skipinu þar sem kveðið er

á um að framsal aflahlutdeildar sé óheimilt án samþykkis kvaðarhafa, c. aðila, sem eiga þinglýst samningsveð í skipinu frá og með 1. janúar 1998, enda hafi samþykki þeirra verið þinglýst.

Flutningur aflahlutdeildar öðlast ekki gildi fyrr en staðfesting Fiskistofu liggur fyrir. Aldrei er heimilt að flytja aflahlutdeild milli skipa, leiði slíkur flutningur til þess að veiðiheimildir þess skips sem flutt er til verði bersýnilega umfram veiðigetu þess.

Umsóknir um flutning aflahlutdeildar milli fiskiskipa ásamt fullnægjandi fylgigögnum skulu hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 31. júlí 2005. Berist umsókn eftir 31. júlí 2005, hefur flutningur aflahlutdeildar ekki áhrif á úthlutun aflamarks fiskveiðiárið 2005/2006.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila eða í eigu tengdra aðila ekki nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild eftirtalinna tegunda en sem hér segir: Þorskur 12%, karfi 35%, ýsa, ufsi, grálúða, síld, loðna og úthafsækja 20%. Um takmörkun á yfirráðum einstakra aðila yfir aflahlutdeild vísast að öðru leyti til 11. gr. a og 11. gr. b í lögum nr. 38/1990.

Fyrir staðfestingu Fiskistofu á flutningi aflahlutdeildar og krókaaflahlutdeildar milli skipa skal eigandi þess skips sem flutt er frá greiða 1.800 kr.

Veiðiskylda.

12. gr.

Veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur aflahlutdeild þess niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur. Skal við mat á þessu hlutfalli miðað við verðmæti einstakra tegunda í aflamarki skips samkvæmt 13. gr. Viðmiðunarhlutfall, sem ákvæðið er í þessari málsgrein, lækkar þó um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er haldið til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu á þeim tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á. Tefjist skip frá veiðum í sex mánuði eða lengur innan fiskveiðiárs, vegna tjóns eða meiriháttar bilana, hefur afli þess fiskveiðiárs ekki áhrif til niðurfellingar aflahlutdeildar, samkvæmt þessari grein.

Þorskígildisstuðlar

13. gr.

Þorskígildisstuðlar fyrir fiskveiðiárið 1. september 2004 til 31. ágúst 2005 eru þessir:

Tegund	Stuðlar	Tegund	Stuðlar	Tegund	Stuðlar
þorskur	1,00	ýsa	0,68	innfjarðarækja	0,45
karfi	0,47	grálúða	1,64	úthafsækja	0,68
keila	0,39	langlúra	0,70	loðna	0,06
langa	0,56	sandkoli	0,49	síld	0,09
skötuselur	1,59	skarkoli	1,13	humar slitinn	6,52
steinbítur	0,62	skrápflúra	0,44		
ufsi	0,36	þykkvalúra	1,62		

Ofangreindir stuðlar gilda við mat á því hvernig veiðiheimildir eru nýttar og varðandi færlu milli tegunda eftir því sem við á, sbr. 10. og 12. gr. laga nr. 38/1990.

Ýmis ákvæði.

14. gr.

Skipstjóra er skylt að halda fiski um borð í veiðiskipum aðgreindum eftir tegundum. Verði slíku ekki við komið vegna smæðar báts skal afli aðgreindur eftir tegundum við löndun.

Ennfremur er skylt að láta vigta afla samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar og reglugerðar nr. 522/1998 um vigtun sjávarafla.

Afla af skrápflúru og sandkola sem fenginn er á því veiðisvæði sem tilgreint er í 3. mgr. 2. gr. skal haldið aðskildum frá öðrum afla af þessum tegundum og hann veginn og skráður sérstaklega.

Skipstjórar fiskiskipa, sem halda til úthafs-rækjuveiða á Dohrnbanka, sbr. 2. mgr. 4. gr., skulu tilkynna sérstaklega til Fiskistofu hvenær þær hefjast og hvenær þeim lýkur.

Ef haldið er til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands skal, þegar haldið er úr höfn, tilkynna Fiskistofu hvar fyrirhugað sé að stunda veiðar. Þá skal tilkynna hvenær veiðar hefjast og hvenær þeim lýkur, nema annað sé ákveðið í sérstökum reglugerðum um viðkomandi veiðar. Í tilkynningunni komi fram, eftir því sem við á, áætlaður afli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Í einni og sömu veiðiferð er óheimilt að stunda veiðar bæði innan og utan fiskveiðilögsögu Íslands. Þetta gildir þó ekki, haldi skip til veiða utan lögsögunnar á úthafskarfa, síld, loðnu, kolmunna, túnfiski eða makríl, enda sé Fiskistofu tilkynnt um slíkt í samræmi við reglur þar að lútandi.

Heimilt er þó með samþykki Fiskistofu að víkja frá banni samkvæmt 5. mgr., enda hafi afli og aflasamsetning um borð í fiskiskipi verið staðfest með fullnægjandi hætti að mati Fiskistofu, áður en skip flytur sig milli veiðisvæða utan og innan lögsögunnar.

15. gr.

Útgerðum skipa sem fengið hafa leyfi Fiskistofu til að vinna afla um borð er skylt að lokinni veiðiferð að skila sérstakri skýrslu um afla til Fiskistofu á eyðublöðum sem Fiskistofa leggur til.

Þá er skipstjórum fiskiskipa skylt að halda sérstakar afladagbækur sem Fiskistofa leggur til sbr. reglugerð nr. 303/1999, um afladagbækur.

Kaupendum afla er skylt að skila til Fiskistofu skýrslum um móttekinn afla í því formi, sem Fiskistofa ákveður sbr. reglugerð nr. 910/2001, um skýrsluskil vegna viðskipta með afla.

16. gr.

Heimilt er að nýta báta, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, til veiða í tómstundum enda séu engin veiðarfæri um borð, önnur en handfæri án sjálfvirknibúnaðar eða veiðistangir. Óheimilt er að selja aflann eða fénýta á annan hátt.

Skipstjórar báta, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni og fara til veiða skv. 1. mgr., skulu tilkynna Fiskistofu um það áður en veiðiferð hefst.

17. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum VI. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, sbr. V. kafla laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Um sviptingu veiðileyfa vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar fer samkvæmt VI. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, sbr. IV. kafla laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

Um gjald vegna ólögmæts sjávarafla skal beita ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

18. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, laga nr. 57, 3. júní 1996 um umgengni um nytjastofna

sjávar, með síðari breytingum og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda 1. september 2004 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 524, 15. júní 2004 um leyfilegan heildarafla á fiskveiðiárinu 2004/2005.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. ágúst 2004.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um úthlutun sérstakra aflaheimilda til krókaafلامarksbáta á fiskveiðiárinu 2004/2005.

1. gr.

Fiskistofa skal á fiskveiðiárinu 2004/2005 úthluta 500 lestum af ýsu, 500 lestum af steinbít og 150 lestum af ufsa, miðað við óslægðan afla, til krókaafلامarksbáta samkvæmt reikniforsendum reglugerðar nr. 283, 9. apríl 2002, um úthlutun aflaheimilda á fiskveiðiárinu 2001/2002, skv. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Við skiptingu aflaheimildanna milli byggðarlaga og einstakra skipa innan þeirra skal miða við magn tilgreint í reglugerð nr. 283/2002 og skerða síðan úthlutun til einstaks báts um 50% frá úthlutun á fiskveiðiárinu 2003/2004 í þorskígildum reiknað.

2. gr.

Aðeins skal úthluta þeim bátum sem uppfylltu skilyrði reglugerðar nr. 283, 9. apríl 2002, til úthlutunar, enda séu þeir enn skráðir frá sömu sjávarbyggð við útgáfu reglugerðar þessarar. Hafi eigandi báts, sem úthlutun hlaut á fiskveiðiárinu 2002/2003, skv. reglugerð nr. 600, 9. ágúst 2002, selt þann bát sinn er heimilt að úthluta öðrum báti í hans eigu, sem skráður er í sömu sjávarbyggð, þeim aflaheimildum, sem hinn seldi bátur hefði annars fengið, enda hafi allar aflaheimildir verið fluttar milli bátanna.

Engum báti skal úthlutað meiri aflaheimildum samkvæmt reglugerð þessari en sem nemur því magni, sem viðkomandi bátur hefur landað í hlutaðeigandi sjávarbyggð á tímabilinu 1. ágúst 2003 til 31. júlí 2004 samkvæmt upplýsingum úr aflaupplýsingakerfinu Lóðs.

3. gr.

Reglugerð þessi er gefin út á grundvelli b. liðar 2. gr. laga nr. 147, 20. desember 2003, um breytingu á lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og komi til framkvæmda 1. september 2004.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. ágúst 2004.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

**um úthlutun á fiskveiðiárinu 2004/2005 skv. 9. gr. a
í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.**

1. gr.

Úthluta skal á fiskveiðiárinu 2004/2005 3.000 lestum af þorski, miðað við óslægðan fisk, til báta sem höfðu aflahlutdeild 1. desember 1998 og voru þann dag minni en 200 brúttó-tonn, enda hafi þeir landað þorskafla á fiskveiðiárinu 1996/1997 eða 1997/1998. Auk þess er heimilt að úthluta allt að 60 lestum samtals af þorski til báta, sem komu í stað annarra báta á tímabilinu 1. september 1997 til 17. mars 1999, enda sé að öðru leyti fullnægt skil-yrðum settum í 9. gr. laga a. í lögum nr. 38/1990.

2. gr.

Úthluta skal til einstakra báta hlutfallslega miðað við heildaraflamark þeirra í þorsk-ígildum talið.

Við útreikning á úthlutun skv. 1. mgr. skal miða við aflahlutdeildarstöðu báta eins og hún var 1. desember 1998, úthlutað heildaraflamark fiskveiðiársins 1998/1999 og verðmæta-stuðla á því fiskveiðiári, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 448/1998, um veiðar í atvinnuskyni fisk-veiðiárið 1998/1999.

3. gr.

Við úthlutun skal þorskaflamark einstakra báta ekki aukast um meira en 100%, miðað við úthlutað aflamark í upphafi fiskveiðiárs 2004/2005 og enginn bátur hljóta hærri úthlutun en 10 lestir miðað við óslægðan fisk. Úthlutun þessi skal aldrei leiða til þess að heildarafla-heimildir einstakra skipa í upphafi fiskveiðiársins 2004/2005, verði meiri en 450 þorskígild-islestir samtals.

4. gr.

Verði breytingar á skipakosti útgerðar er henni heimilt að flytja rétt til úthlutunar yfir á annan bát í hennar eigu.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fisk-veiða með síðari breytingum, sbr. 9. gr. a, til þess að öðlast þegar gildi og komi til fram-kvæmda 1. september 2004.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. ágúst 2004.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um sérstaka úthlutun skv. 1. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990,
til skel- og rækjubáta.

1. gr.

Vegna skerðinga, sem urðu á leyfilegum heildarafla í innfjarðarækju í Ísafjarðardjúpi, Húnaflóa, Skagafirði, Skjálfandaflóa, Axarfirði, Eldeyjarsvæði og Norðurfjörðum Breiðafjarðar á fiskveiðiárinu 2003/2004, skal á fiskveiðiárinu 2004/2005 úthluta aflamarki sem nemur samtals 1949 þorskígildislestum til báta, sem hafa hlutdeild í innfjarðarækju á áðurgreindum svæðum.

Við útreikning uppbóta er miðað við, að skerðingin, verði ekki meiri en 30% frá meðalafla rækjuvertíðanna 1993/1994 – 2002/2003, að frádregnum afla fiskveiðiársins 2003/2004. Verðmætastuðullinn fyrir rækju er 0,52, miðað við þorskígildi, og koma 634 lestir í hlut báta við Ísafjarðardjúp, 367 lestir í hlut báta við Húnaflóa, 253 lestir í hlut báta við Skagafjörð, 165 lestir í hlut báta við Skjálfandaflóa, 334 lestir í hlut báta við Axarfjörð, 177 lestir í hlut báta á Eldeyjarsvæði og 19 lestir í hlut báts í Norðurfjörðum Breiðafjarðar.

2. gr.

Vegna skerðinga, sem verða í hörpudisksveiðum í Ísafjarðardjúpi, Húnaflóa, Breiðafirði og Hvalfirði skal á fiskveiðiárinu 2004/2005 úthluta aflamarki sem samtals nemur 1635 þorskígildistonnum til báta, sem aflahlutdeild hafa í hörpudiski á áðurgreindum svæðum.

Við útreikning uppbóta er miðað við að skerðingin verði ekki meiri en 30% frá meðalafla áranna 1995 til 2004. Verðmætastuðullinn fyrir hörpudisk er 0,32, miðað við þorskígildi, og koma 72 lestir í hlut báta við Húnaflóa, 1486 lestir í hlut báta við Breiðafjörð og 27 lestir í hlut báta við Hvalfjörð. Þá skal úthluta 50 þorskígildilestum til báta, sem aflahlutdeild hafa í hörpudiski í Ísafjarðardjúpi.

3. gr.

Úthluta skal uppbótum til einstakra báta á grundvelli þeirrar aflahlutdeildar, sem þeir hafa í rækju og skel á viðkomandi svæði og miðast við aflahlutdeild eins og hún er 1. ágúst 2004. Uppbæturnar skulu skiptast á eftirgreindar tegundir: þorsk, ýsu, ufsa og steinbít í hlutfalli við leyfilegt heildarmagn í þessum tegundum.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, sbr. 2. gr. laga nr. 147, 20. desember 2003, til að öðlast þegar gildi og komi til framkvæmda 1. september 2004.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. ágúst 2004.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um línuívilnun.

1. gr.

Frá og með 1. september 2004 má við línuveiðar dagróðrabáta í einstökum ferðum landa 16% umfram þann afla í þorski, ýsu og steinbít sem reiknast til aflamarks þeirra. Heimild þessi er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að línan sé beitt í landi og ekki séu önnur veiðarfæri um borð í bátnum.
2. Að bátur komi til löndunar í höfn þeirri þar sem línan var tekin um borð innan 24 klukkustunda frá því að haldið var til veiða úr þeirri höfn.
3. Að sjálfvirkt tilkynningarkerfi bátsins sé virkt.
4. Að skipstjóri tilkynni um upphaf og lok veiðiferðar skv. 4. gr.
5. Að við skráningu afla í löndunarhöfn, í aflaupplýsingarkerfið Lóðs, komi fram, að veiðarfæri í tiltekinni veiðiferð hafi verið landbeitt lína samkvæmt upplýsingum skipstjóra.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal línuívilnun í þorski á hverju fiskveiðiári takmarkast við 3.375 lestir af óslægðum þorski sem skiptast þannig innan fiskveiðársins:

1. September – nóvember: 1.080 lestir.
2. Desember – febrúar: 1.280 lestir.
3. Mars – maí: 770 lestir.
4. Júní – ágúst: 245 lestir.

Þá getur sjávarútvegsráðherra ákveðið hámark á heildarmagn ýsu og steinbíts til línuívilnunar.

3. gr.

Fiskistofa fylgist með línuafli og tilkynnir til ráðuneytisins hvenær líklegt megi telja að viðmiðunarafla hvers tímabils eða heildarmagni verði náð sbr. 2. gr. Ráðuneytið tilkynnir síðan frá hvaða degi tiltekinn afli reiknast að fullu til aflamarks.

4. gr.

Skipstjóri skal tilkynna Fiskistofu um upphaf veiðiferðar áður en lagt er úr höfn. Telst veiðiferð hafin þegar tilkynning er send. Skipstjóri skal einnig tilkynna Fiskistofu þegar komið er til hafnar til löndunar. Tilkynningar skal senda í gegnum Símalínu, sjálfvirkan þjónustusíma Fiskistofu. Í tilkynningu skal koma fram frá hvaða höfn bátur rær sbr. 2. tl. 1. gr.

Línuívilnun reiknast aðeins á þann afla sem endanlega er vigtaður hér á landi samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 522/1998, um vigtun sjávarafla, með síðari breytingum

5. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í 10. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, sbr. b. lið 3. gr. laga nr. 147, 20. desember 2003 til að öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda 1. september 2004.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. ágúst 2004.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 365, 15. janúar 2002, um þorskfisknet.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta, sem heimilt er að nota til þorskfiskveiða, er 5¹/₂ þumlungur (139,7 mm).

Til 1. janúar 2005 er óheimilt að nota net til þorskfiskveiða sem er með stærri möskva en 9 þumlungar (228,6 mm).

Frá 1. janúar 2005 er óheimilt að nota net til þorskfiskveiða sem er með stærri möskva en 8 þumlungar (203,3 mm).

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. ágúst 2004.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Guðríður M. Kristjánsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Stefaníu Guðrúnar Pétursdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Kærleikssjóður Stefaníu Guðrúnar Pétursdóttur. Stefanía fæddist 23. október 1984 og lést 27. ágúst 2003. Sjóðurinn er stofnaður af Péttri Emilssyni og Sigrúnu Eddu Sigurðardóttur.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vinna að kærleika og styrkja þá sem eiga um sárt að binda vegna fráfalls ungmenna af slysförum eða sjálfsvíga.

3. gr.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er 600.000 kr. – sexhundruðþúsund krónur – fengið með minningargjöfum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa Pétur Emilsson, kt. 180647-2289 til vara Vigfús Þór Árnason, kt. 060446-3509. Sigrún Edda Sigurðardóttir, kt. 200455-3719, til vara Sigríður Emilsdóttir, kt. 010347-2709 og Þorvaldur Ingi Jónsson, kt. 030358-2529, til vara Dís Kolbeinsdóttir, kt. 050757-2509. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Stjórnarmenn sitja ótímabundið í stjórn. Hverfi menn úr stjórn eða varastjórn skulu stofnendur og þeir sem eftir sitja í stjórninni tilnefna nýjan stjórnarmann.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslu sjóðsins, tekur allar ákvarðanir um rekstur sjóðsins og hvernig markmiðum hans sé best náð.

Stjórnarmenn hljóta ekki þóknun fyrir setu í stjórn sjóðsins.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru frjáls framlög, vextir og arður af eignum sjóðsins og annað það sem sjóðnum kann að áskotnast.

7. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita af tekjum hans og óbundinni eign styrki í samræmi við tilgang hans. Stjórn sjóðsins annast styrkveitingar úr sjóðnum og setur sér frekari úthlutunarreglur. Ávaxta skal stofnfé sjóðsins sem tryggilegast og arðvænlegast. Ekki er heimilt að skerða stofnfé sjóðsins.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar hans skulu endurskoðaðir árlega af viðskiptafræðingi og lagður fyrir stjórn sjóðsins sem sendir þá Ríkisendurskoðun í samræmi við ákvæði laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

9. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, en til þess þarf samþykki allra stjórnarmanna og staðfestingu dómsmálaráðuneytis.

Samþykki allra stjórnarmanna þarf til að leggja sjóðinn niður. Skal eigum hans þá ráðstafað í samræmi við tilgang sjóðsins.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytis á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. ágúst 2004.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir veiðibótasjóðinn Blending.

1. gr.

Nafn.

Sjóðurinn heitir Blendingur, er sjálfseignarstofnun og starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988.

2. gr.

Aðsetur.

Lögheimili sjóðsins er í Húnavatnssýslu, á heimili formanns stjórnar hverju sinni.

3. gr.

Tilgangur.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að vexti og viðgangi laxastofna Blöndu og Svartár í Húnavatnssýslu með það að markmiði að jafna laxgengd í ánum og treysta stöðu þeirra sem eftirsóknarverðs veiðisvæðis stangveiðimanna.

Sjóðurinn vinnur að framangreindum markmiðum með því að styrkja rannsóknir og sjá fyrir seiðaeldi og sleppingum í samráði við Veiðifélag Blöndu og Svartár. Sjóðurinn veitir styrki í framangreindu skyni og er jafnframt heimilt að styðja framkvæmdir við árnar að því marki sem samræmist tilgangi hans.

4. gr.

Stofnendur.

Stofnendur sjóðsins eru Veiðifélag Blöndu og Svartár sem leggur fram 5 milljónir króna sem stofnfé og Landsvirkjun, sem leggur fram kr. 27 milljónir króna í samræmi við samning aðila þar um.

Stofnendur bera enga fjárhagslega ábyrgð á stofnuninni umfram það sem felst í stofnframlögum skv. framanskráðu.

5. gr.

Stofnfé.

Stofnfé sjóðsins eru þrjátíu og tvær milljónir króna sem er framlag stofnenda félagsins. Af því teljast 24 milljónir bundið stofnfé sem ekki skal skert.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eigum sínum og öðrum þeim eigum er hann kann að eignast síðar.

Óheimilt er stjórn að taka ákvarðanir sem til þess eru fallnar að skerða stofnfé svo það fari niður fyrir $\frac{3}{4}$ hluta þess sem það er skv. 5. gr. og skulu þessi hlutföll verðtryggð miðað við gildi vísitölu neysluverðs í mars 2004; 230,7 stig.

Styrki má fyrst veita úr sjóðnum á árinu 2007 eða þegar eignir hans hafa náð 40 milljónum króna, hvort sem fyrr gerist.

6. gr.

Tekjur.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Stofnframlag skv. 4. gr. samþykkt þessara,
2. Styrkir og framlög,
3. Vextir og arður af eigin fé.

7. gr.

Stjórn.

Stjórn Blendings skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara til þriggja ára í senn.

Stjórn Veiðifélags Blöndu og Svartár skal tilnefna þrjá aðalmenn og þrjá til vara í fyrstu stjórn Blendings. Skal einn tilnefndur til þriggja ára, einn til tveggja ára og einn til eins árs. Sama gildir um varamenn. Skal tilnefning stjórnar Veiðifélagsins borin upp til staðfestingar í einu lagi á almennum fundi í Veiðifélaginu, um leið og afstaða er tekin til samkomulags félagsins og Landsvirkjunar um fjárhagslegt uppgjör vegna áhrifa Blönduvirkjunar og hagsmuni veiðiréttareigenda.

Stjórn sjóðsins gerir tillögu til fulltrúaráðs um tilnefningu eins stjórnarmanns og varamanns hans til þriggja ára, í fyrsta sinn á ársfundi fulltrúaráðsins 2005. Komi fram fleiri tillögur skal kosið á fundinum milli þeirra sem tillaga er gerð um.

Stjórn skipar sjálf með sér verkum og skal einn kjörinn formaður, annar varaformaður og ritari og sá þriðji gjaldkeri.

Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi stofnunarinnar sé í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórnin veitir prófkúruumboð fyrir stofnunina.

8. gr.

Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist fundar og skal þá orðið við því innan hæfilegs tíma. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka nema að allir stjórnarmenn hafi haft tök á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála.

Halda skal gerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum.

9. gr.

Verkefni stjórnar.

Sjóðstjórn sér um varðveislu eigna og ávöxtun á fé sjóðsins og skal það ávaxtað með sem tryggilegustum hætti þannig að miðað sé að hámarks ávöxtun með sem minnstri áhættu. Ekki er heimilt að veita lán úr sjóðnum en heimilt er sjóðnum að eiga markaðsverðbréf og eiga viðskipti fyrir milligöngu viðurkenndra fjármálastofnana.

Sjóðstjórn tekur ákvarðanir um styrki til einstakra verkefna að fengnum tillögum stjórnar Veðifélags Blöndu og Svartár og eftir ráðgjöf þeirra sérfræðinga sem sjóðsstjórn leitar til.

Að jafnaði skal ekki verja meiru fé til styrkja en sem svarar raunávöxtun eigin fjár sjóðsins á næst liðnu ári.

Sjóðsstjórn setur nánari reglur um úthlutun úr sjóðnum í samræmi við markmið hans.

10. gr.

Fulltrúaráð.

Fulltrúaráð sjóðsins skal skipað veiðiréttareigendum að Blöndu og Svartá, einum fyrir hverja jörð sem veiðirétt á í ánum. Ársfundur ráðsins skulu haldnir í tengslum við aðalfundi Veðifélags Blöndu og Svartár ár hvert og skal þar gerð grein fyrir verkefnum sjóðsins svo og áformum.

Fulltrúaráðsfund skal boða með minnst einnar viku fyrirvara, annað hvort bréflaga eða með öðrum jafn tryggilegum hætti. Fundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Fulltrúaráðið tilnefnir árlega einn mann í stjórn og annan til vara.

11. gr.

Endurskoðandi.

Fulltrúaráð skal velja stofnuninni löggiltan endurskoðanda og skal stjórn félagsins semja við hann um endurskoðun reikninga fyrir hvert starfsár.

12. gr.

Fjárreiður sjóðsins og reikningar.

Starfsár félagsins og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir endurskoðanda eigi síðar en 30. mars ár hvert.

Rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist af tekjum hans, þar með talinn kostnaður vegna umsýslu, styrkja og reikningsskila.

Endurskoðaðir reikningar sjóðsins skulu lagðir fyrir fulltrúaráðsfund fyrir lok aprílmánaðar ár hvert.

13. gr.

Breytingar á skipulagsskrá og niðurlagning sjóðsins.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá sjóðsins og þarf til þess samþykki allra stjórnarmanna

á tveimur fundum sem haldnir séu með minnst einnar viku millibili svo og staðfestingu 2/3 hluta atkvæða á lögmætum fulltrúaráðsfundi sem sóttur er af minnst helmingi fulltrúa skv. 1. mgr. 10. gr.

Með tillögu um niðurlagningu sjóðsins skal fara sem um breytingar á skipulagsskrá hans. Komi til þess að sjóðurinn verði lagður niður skal eignum hans varið til hliðstæðra verkefna og tilgreind eru í 3. gr. eftir nánari ákvörðun stjórnar.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytis á breytingum á skipulagsskrá sjóðsins og niðurlagningu hans.

14. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. ágúst 2004.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

REGLUGERÐ

um hleðslumerki skipa.

1. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari merkir:

1. „Stjórnvöld“ Siglingastofnun Íslands.
2. „Samþykkt“ eða „viðurkennt“ samþykkt eða viðurkennt af stjórnvöldum.
3. „Fiskiskip“ hvert það skip sem er búið eða notað í atvinnuskyni til að veiða fisk, hval, sel, rostung eða aðrar lífrænar auðlindir hafsins.
4. „Nýtt skip“ skip þar sem kjölurinn hefur verið lagður eða er á svipuðu smíðastigi 24. september 1970.
5. „Gamalt skip“ skip, sem er ekki nýtt skip.
6. „Lengd“ 96% af mestu lengd í vatnslínu við 85% af minnstu mótuðu dýpt, mældri frá kjöllínu (spónlínu), eða sem lengdin frá fremri brún á stefni í miðju stýrisáss, í sömu vatnslínu, ef þessi lengd er lengri. Þar sem útlínur stefnisins eru íhvolfar fyrir ofan vatnslínu við 85% af minnstu mótuðu dýpt, skulu bæði fremri endamörk heildarlengdarinnar

og fremri brún stefnisins, hvor um sig, tekin frá lóðrétttri vörpun aftasta punktsins í útlínunum stefnisins (fyrir ofan vatnslínuna) að þeirri vatnslínu. Í skipum hönnuðum með kjölhalla skal vatnslínan, sem lengd er mæld á, vera samsíða hönnunarvatnslínunni.

7. „Viðurkennd stofnun“ er stofnun sem er viðurkennd í samræmi við 4. gr. reglugerðar um viðurkenningu flokkunarfélaga og um reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaæftirlit og -skoðun, nr. 142/2004 samkvæmt nýjustu útgáfu hennar, og sem hlotið hefur starfsleyfi samkvæmt 5. gr. sömu reglugerðar.
8. „Árleg dagsetning“ þann mánaðardag og mánuð á hverju ári sem samsvarar gildislokadegi viðkomandi skírteinis.
9. „Samþykktin“ alþjóðahleðslumerkjaskipakktina frá 1966 ásamt bókun frá 1988 og breytingum við hana og tengdum bindandi kóðum samkvæmt nýjustu útgáfu þeirra.

2. gr.

Almenn ákvæði.

Nema annað sé sérstaklega tekið fram gilda ákvæði samþykktarinnar um hleðslumerki og fríborð skipa svo og annað það sem samþykktin fjallar um. Viðaukarnir við samþykktina skulu vera óaðskiljanlegur hluti hennar og tilvísun í samþykktina skal um leið vera tilvísun í viðauka hennar.

Við ákvörðun hleðslumerkja skal beita ákvæðum I. viðauka samþykktarinnar.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er stjórnvöldum heimilt að ákvarða meira fríborð en sem nemur því lágmarksfríborði sem er reiknað út samkvæmt ákvæðum I. viðauka samþykktarinnar.

Stöðugleikagögn, sem krafist er samkvæmt 10. reglu í I. viðauka samþykktarinnar, skulu uppfylla viðeigandi kröfur IS-kóðans, þ.e. kóðans um óskaddaðan stöðugleika fyrir allar gerðir skipa sem falla undir IMO-gerðir (ályktun A.749(18) með breytingum samkvæmt nýjustu útgáfu hennar).

Sérhverju skipi, sem þessi reglugerð gildir um, er óheimilt að halda til hafs, nema að skoðun og merking hafi áður farið fram á því og alþjóðahleðslumerkjaskírteini eða, þegar það á við, alþjóðaundanþáguskírteini vegna hleðslumerkja samkvæmt ákvæðum samþykktarinnar, hafi verið gefið út fyrir skipið.

3. gr.

Gildissvið.

Nema annað sé sérstaklega tekið fram, ná ákvæði þessarar reglugerðar til nýrra skipa sem eru 24 metrar að lengd eða lengri og stunda millilandasiglingar.

Um borð í sérhverju skipi, sem þessi reglugerð gildir um, skal vera eintak af reglugerðinni.

4. gr.

Undanþágur.

Reglugerð þessi gildir ekki um:

- a) skemmtibáta sem eru ekki notaðir í atvinnuskyni;
- b) fiskiskip.

Stjórnvöld geta veitt skipi, sem stundar venjulega ekki millilandasiglingar en sem í undantekningartilvikum þarf að fara einstaka ferð, undanþágu frá hvaða ákvæði samþykktarinnar sem er að því tilskildu að það uppfylli þær öryggiskröfur sem að mati stjórnvalda eru fullnægjandi vegna fyrirhugaðrar ferðar skipsins.

Um aðrar undanþágur gilda ákvæði 5. og 6. gr. samþykktarinnar.

5. gr.

Óviðráðanleg atvik.

Skip, sem ekki er háð ákvæðum samþykktarinnar þegar það lætur úr höfn til hvaða ferðar sem er, skal ekki sæta slíkum ákvæðum, þótt það berist af fyrirhugaðri leið vegna veðurs eða annarra óviðráðanlegra atvika.

6. gr.

Jafngildi.

Stjórnvöld geta heimilað að hvaða búnaði sem er, efni, tæki eða vélum sé komið fyrir um borð í skipi eða að einhverjar aðrar ráðstafanir séu gerðar í skipi annars en þess sem krafist er samkvæmt samþykktinni ef þau telja að prófanir eða annað sýni að slíkur búnaður, efni, tæki, vélar eða ráðstafanir séu að minnsta kosti jafngagnleg og það sem krafist er samkvæmt samþykktinni.

7. gr.

Viðurkenningar vegna tilrauna.

Stjórnvöldum er heimilt að viðurkenna tilraunir um tiltekin atriði í skipum, sem samþykktin tekur til, enda sé slíkt gert samkvæmt 9. gr. samþykktarinnar.

8. gr.

Viðgerðir, breytingar og endursmíði.

Skip, sem er í viðgerð, breytingum eða endurbótum og er útbúið samkvæmt því, skal uppfylla a.m.k. þær kröfur sem áður voru gerðar til skipsins. Almennt gildir að gamalt skip skuli í slíkum tilvikum ekki uppfylla, í minna mæli, kröfur til nýrra skipa samanborið við það sem það gerði áður.

Meiri háttar viðgerðir, breytingar eða endurbætur og búnaður í tengslum við þær skulu uppfylla kröfur sem gerðar eru til nýrra skipa, innan þeirra marka er stjórnvöldum þykja skynsamleg og hagkvæm.

9. gr.

Loftslagsbelti og svæði.

Skip, sem þessi reglugerð gildir um, skal uppfylla viðeigandi kröfur fyrir það skip í þeim loftslagsbeltum og svæðum sem lýst er í II. viðauka samþykktarinnar.

Höfn, sem er á mörkum tveggja loftslagsbelta, telst vera innan þess loftslagsbeltis eða svæðis sem skipið siglir um við komu eða brottför.

10. gr.

Dýfing.

Að frátöldu því sem kveðið er á um í 2. og 3. mgr. þessarar greinar er óheimilt að viðeigandi hleðslumerki á hliðum skipsins, samsvarandi þeim árstíma og loftslagsbelti eða svæði þar sem skipið er, séu á kafi þegar skipið heldur til hafs, meðan á sjóferð stendur eða við komu til hafnar.

Þegar skip er í ferskvatni með eðlisþyngdina einn, má viðeigandi hleðslumerki fara í kaf um sem nemur þeim frádrætti sem leyfður er í fersku vatni og sýndur er á alþjóðahleðslumerkjaskírteininu. Þar sem eðlisþyngd er ekki einn skal frádrátturinn vera í hlutfalli við mismuninn milli 1,025 og raunverulegrar eðlisþyngdar.

Við brottför skips úr höfn, sem er staðsett á fljóti eða stöðuvatni, er heimilt að hlaða skipið dýpra um sem nemur þunga þess eldsneytis og allra annarra efna sem eyðast á milli brottfararstaðar og hafs.

11. gr.

Skoðanir og merking.

Við beitingu þessarar reglugerðar skulu starfsmenn stjórnvalda annast skoðanir og merkingu skipa svo og veitingu undanþágu frá þeim. Stjórnvöldum er heimilt að veita viðurkenndum aðilum umboð til að annast skoðanir og merkingu. Í öllum tilvikum skulu stjórnvöld bera fulla ábyrgð á skoðun og merkingu.

Þegar stjórnvöld ákveða hleðslumerki skips skal bókstöfunum I og H komið fyrir á varanlegan hátt svo sem kveðið er á um í 7. reglu í I. viðauka samþykktarinnar. Í stað þessara bókstafa er viðurkenndri stofnun, sem ákveður hleðslumerki skips, heimilt að nota auðkennisbókstafi sína.

12. gr.

Upphafs-, endurnýjunar- og árlegar skoðanir.

Skip skal vera háð eftirtöldum skoðunum:

- a) Upphafsskoðun, áður en skipið er tekið í notkun, skal vera allsherjarskoðun á burðarvirki þess og búnaði í þeim mæli sem ákvæði samþykktarinnar ná til skipsins. Þessi skoðun skal vera þannig að tryggt sé að fyrirkomulag, efni og efnismál séu í fullu samræmi við ákvæði samþykktarinnar.
- b) Endurnýjunarskoðun ekki sjaldnar en á fimma ára fresti, nema þegar 2., 5., 6. og 7. mgr. 17. gr. eiga við, til að tryggja að burðarvirki, búnaður, fyrirkomulag, efni og efnismál sé í fullu samræmi við kröfur samþykktarinnar.
- c) Árleg skoðun innan þriggja mánaða fyrir eða eftir hverja árlegu dagsetningu skírteinisins til að tryggja að:
 - i) breytingar hafi ekki verið gerðar á bol eða yfirbyggingum sem hafa áhrif á útreikninga á staðsetningu hleðslumerkisins;
 - ii) ástandi búnaðar og tækja til að verja op, handriða, austuropa og innganga í vistarverur áhafnar sé viðhaldið;
 - iii) gengið sé frá friðborðsmerkjum á réttan og varanlegan hátt;
 - iv) upplýsingarnar, sem krafist er samkvæmt 10. reglu í I. viðauka samþykktarinnar, séu til staðar.

Við hverja árlega skoðun samkvæmt c-lið 1. mgr. þessarar greinar skal árita alþjóða-hleðslumerkjaskírteinið eða alþjóðaundanþáguskírteinið vegna hleðslumerkja, sem gefið hefur verið út fyrir skip sem hefur verið veitt undanþága skv. 2. mgr. 6. gr. samþykktarinnar.

13. gr.

Viðhald ástands eftir skoðun.

Að lokinni sérhverri skoðun á skipinu, sem kveðið er á um í 12. gr. er óheimilt að gera breytingar á burðarvirki þess, búnaði, fyrirkomulagi, efni eða efnismálum, sem skoðunin hefur náð til, án samþykkis stjórnvalda.

14. gr.

Útgáfa skírteina.

Alþjóðahleðslumerkjaskírteini skal gefið út fyrir hvert skip að lokinni skoðun og það merkt samkvæmt þessari reglugerð.

Alþjóðaundanþáguskírteini vegna hleðslumerkja skal gefið út fyrir hvert skip sem hefur verið veitt undanþága samkvæmt 2. og 4. mgr. 6. gr. samþykktarinnar.

Slík skírteini skulu gefin út af stjórnvöldum eða viðurkenndri stofnun sem hefur umboð stjórnvalda til þess. Í öllum tilvikum skulu stjórnvöld bera fulla ábyrgð á skírteininu.

15. gr.

Útgáfa eða áritun skírteina af öðrum stjórnvöldum.

Samningsríkisstjórn getur að beiðni stjórnvalda tekið skip til skoðunar og ef hún er sannfærð um að ákvæði samþykktarinnar séu uppfyllt skal hún gefa út eða heimila útgáfu alþjóðahleðslumerkjaskírteinis fyrir skipið og, þegar það á við, árita eða heimila áritun skírteinisins fyrir skipið, í samræmi við ákvæði samþykktarinnar.

Afrit af skírteininu ásamt afriti af skoðunarskýrslunni sem notuð er til að reikna út fríborðið ásamt afriti af útreikningunum skal senda eins fljótt og auðið er til stjórnvalda.

Á skírteini, sem gefið er út á þennan hátt, skal skráð að það hafi verið gefið út að beiðni íslenskra stjórnvalda og skal það hafa sama gildi og vera viðurkennt á sama hátt og skírteini sem gefið er út samkvæmt 14. gr.

16. gr.

Gerð skírteina.

Skírteinin skulu vera samsvarandi einhverri þeirra gerða sem sýndar eru í III. viðauka samþykktarinnar. Texti skírteinanna skal vera á íslensku ásamt þýðingu á ensku. Stjórnvöld geta þó heimilað að textinn sé einungis á ensku.

17. gr.

Tímalengd og gildi skírteina.

1. Alþjóðahleðslumerkjaskírteini skal gefið út lengst til 5 ára.
2.
 - a) Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., þegar endurnýjunarskoðun er lokið innan 3ja mánaða áður en gildandi skírteini rennur út, skal nýja skírteinið gilda frá þeim degi sem endurnýjunarskoðuninni lýkur fram til þess dags sem er ekki síðar en 5 árum frá því að gildandi skírteini rennur út.
 - b) Þegar endurnýjunarskoðun er lokið eftir að gildandi skírteini rennur út skal nýja skírteinið gilda frá þeim degi sem endurnýjunarskoðuninni lýkur fram til þess dags sem er ekki síðar en 5 árum frá því að gildandi skírteini rennur út.
 - c) Þegar endurnýjunarskoðun er lokið meira en 3 mánuðum áður en gildandi skírteini rennur út skal nýja skírteinið gilda frá þeim degi sem endurnýjunarskoðunin lýkur fram til þess dags sem er ekki síðar en 5 árum frá þeim degi sem endurnýjunarskoðuninni lýkur.
3. Ef skírteini er gefið út til skemmri tíma en 5 ára mega stjórnvöld framlengja gildistíma skírteinisins fram yfir gildistíma allt að hámarkstímanum sem tilgreindur er í 1. mgr., að því tilskildu að árlegu skoðanirnar sem um getur í 12. gr. gildi þegar skírteini er gefið út til 5 ára séu framkvæmdar eins og við á.
4. Hafi endurnýjunarskoðun, sem um getur í b-lið 1. mgr. 12. gr., verið lokið og ekki er hægt að gefa út nýtt skírteini fyrir skipið áður en gildandi skírteini rennur út má einstaklingurinn eða stofnunin sem annast skoðunina framlengja gildistíma skírteinisins lengst til 5 mánaða. Skírteinið skal áritað þegar það er framlengt á þennan hátt en einungis er heimilt að veita slíka framlengingu þegar engar breytingar hafa verið gerðar á burðarvirki, búnaði, fyrirkomulagi, efnunum eða efnismálum sem hefur áhrif á fríborð skipsins.
5. Sé skip ekki í höfn þar sem það á að sæta skoðun þegar skírteini rennur út mega stjórnvöld framlengja gildistíma skírteinisins en einungis má veita slíka framlengingu í því skyni að leyfa skipinu að ljúka sjóferð sinni til hafnarinnar þar sem á að skoða það og einungis í tilvikum þar sem slíkt virðist viðunandi og skynsamlegt. Ekki skal framlengja gildistíma neins skírteinis lengur en um 3 mánuði og skip sem fær framlengingu skal ekki, við komu þess í höfn þar sem skoðun á að fara fram, í krafti slíkrar framlengingar

halda úr þeirri höfn án þess að hafa nýtt skírteini. Að lokinni endurnýjunarskoðun skal nýja skírteinið gilda lengst til 5 ára frá þeim degi sem gildandi skírteini rennur út áður en framlenging var veitt.

6. Stjórnvöld mega framlengja skírteini, sem gefið er út til skips í stuttum ferðum og hefur ekki verið framlengt samkvæmt framangreindum ákvæðum þessarar greinar, um allt að 1 mánuð frá því að tilgreindur gildistími rennur út. Að lokinni endurnýjunarskoðuninni skal hið nýja skírteini gilda lengst til 5 ára frá þeim degi sem gildandi skírteini rennur út áður en framlenging var veitt.
 7. Í sérstöku tilvikum að mati stjórnvalda þarf nýtt skírteini ekki að hafa dagsetningu frá þeim degi sem gildandi skírteini rennur út eins og krafist er í 2., 5. og 6. mgr. Í þessum sérstöku tilvikum skal nýja skírteinið gilda til þess dags sem er ekki síðar en 5 árum frá þeim degi sem endurnýjunarskoðuninni lýkur.
 8. Sé árlegri skoðun lokið fyrir þann tíma sem tilgreindur er í 12. gr. þá:
 - a) skal árlegu dagsetningunnin sem tilgreind er á skírteininu breytt með áritun til dagsetningar sem skal ekki vera síðar en þremur mánuðum frá þeim degi sem skoðuninni lauk.
 - b) síðari árlegri skoðun sem krafist er samkvæmt 12. gr. skal lokið með millibilum sem mælt er fyrir um í þeirri grein með því að nota nýja árlega dagsetningu.
 - c) sá dagur sem skírteinið rennur út getur verið óbreyttur að því tilskildu að ein eða fleiri árleg skoðun séu framkvæmdar þannig að ekki líði lengri tími á milli skoðanna en sá hámarkstími sem mælt er fyrir um í 12. gr.
 9. Alþjóðahleðslumerkjaskírteinið er úr gildi fallið ef eitthvert eftirtalinna tilvika koma upp:
 - a) efnislegar breytingar hafa verið gerðar á bol eða yfirbyggingum skipsins þannig að nauðsynlegt er að ákveða aukið fríborð fyrir það.
 - b) ástandi tengihluta og búnaðar sem um getur í c-lið 1. mgr. 12. gr. er ekki við haldið.
 - c) skírteinið hefur ekki verið áritað til að sýna fram á að skipið hafi verið skoðað eins og mælt er fyrir um c-lið 1. mgr. 12. gr.
 - d) styrkleiki burðarvirkis skipsins er skertur það mikið að skipið telst óöruggt.
 10. a) Gildistími alþjóðaundanþáguskírteinis vegna hleðslumerkja sem gefið er út af stjórnvöldum til skips, sem veitt er undanþága samkvæmt 2. mgr. 6. gr. samþykktarinnar, skal vera lengst til 5 ára. Þannig skírteini er háð starfsreglum um endurnýjun, áritun og ógildingu, áþekktum þeim sem gilda um alþjóðahleðslumerkjaskírteinið samkvæmt þessari grein.
 - b) Gildistími alþjóðaundanþáguskírteinis vegna hleðslumerkja sem gefið er út til skips, sem veitt er undanþága samkvæmt 2. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar, skal takmarkast við þá einstöku ferð sem skírteinið er gefið út fyrir.
11. Skírteini sem gefið er út af stjórnvöldum til skips fellur úr gildi ef skipið er flutt undir fána annars ríkis.

18. gr.

Hafnarrikiseftirlit.

Um hafnarrikiseftirlit með atriðum sem samþykktin gildir um gilda ákvæði 21. gr. samþykktarinnar.

19. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða refsingum samkvæmt VII. kafla laga um eftirlit með skipum, nr. 47/2003.

20. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 30. júlí 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 680/1999 um ráðstafanir
til að stuðla að bættu öryggi og heilsu flugverja.**

1. gr.

Núverandi 14. gr. reglugerðarinnar fellur niður og í staðin kemur ný svohljóðandi grein:

Heilbrigðisskoðun, heilsuvernd.

Flugverjar eiga rétt á ókeypis heilbrigðisskoðun við ráðningu og með reglulegu millibili þaðan í frá. Eftirlitið má fara fram innan ramma heilbrigðiskerfisins. Flugverjar, sem eiga við heilsufarsvandamál að stríða sem ljóst er að rekja má til þess að þeir vinna einnig næturvinnu, verða færðir til þegar kostur er, í dagvinnustörf í lofti eða á jörðu sem henta þeim.

Flugverjar skulu njóta öryggis og heilsuverndar í samræmi við starf sitt og tryggja ber að litið sé eftir heilsu þeirra í samræmi við áhættuna sem starfið felur í sér.

Fullnægjandi verndar- og forvarnarþjónusta eða aðstaða, sem þjónar slíkum tilgangi, skal ávallt vera fyrir hendi vegna öryggis og heilsu þeirra.

2. gr.

Við reglugerðina bætist svohljóðandi ný grein sem verður 15. gr. Aðrar greinar breytast til samræmis.

Vinnumynstur.

Gerðar verða nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að vinnuveitandi, sem hyggst skipuleggja vinnu eftir ákveðnu mynstri, taki tillit til þeirrar almennu meginreglu að aðlaga vinnuna starfsmanninum.

3. gr.

Innleiðing.

Með reglugerð þessari er verið að innleiða 4.–6. gr. viðauka við tilskipun Evrópusambandsins nr. 2000/79/EB frá 27. nóvember árið 2000 um Evrópusamning um skipulag á vinnutíma farstarfsmanna í almenningsflugi sem gerður var milli Evrópusambands flugfélaga (AEA), Sambands félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF), Evrópska flugliðasambands-

ins (ECA), Samtaka evrópskra svæðisflugfélaga (ERA) og Alþjóðasamtaka flutningaflugfélaga (IACA), sbr. ákvörðun EES-nefndarinnar um breytingu á XVIII viðauka við EES samninginn nr. 120/2001, sem birtist í EES-viðbæti nr. 60 þann 6. desember 2001, bls 33.

4. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 og öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 26. júlí 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir „Bessahraun 1–15“ í Vestmannaeyjum.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Vestmannaeyja þann 30. júní 2004 tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Bessahraun 1-15 í Vestmannaeyjum.

Deiliskipulagið hefur fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum, mæla fyrir um.

Framangreint deiliskipulag, tekur þegar gildi.

Vestmannaeyjum, 9. ágúst 2004.

Sigurður Smári Benónýsson,

skipulags- og byggingarfulltrúi Vestmannaeyja.

REGLUGERÐ

um vinnu- og hvíldartíma skipverja á farþegaskipum og flutningaskipum.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur.

Tilgangur reglugerðarinnar er að bæta öryggi til sjós, vinnuskilyrði og heilbrigði og öryggi skipverja á íslenskum farþegaskipum og flutningaskipum og erlendum farþegaskipum og flutningaskipum sem fara um íslenskar hafnir.

2. gr.
Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um skipverja á farþegaskipum og flutningaskipum sem skráð eru á íslenska skipaskrá. Skip sem er skráð í tveimur ríkjum telst skráð í fánaríkinu. Siglingastofnun sker úr ef ágreiningur er um hvort skip falli undir reglugerð þessa að fenginni umsögn samtaka útgerða og sjómanna.

Ákvæði þessarar reglugerðar taka til erlendra farþegaskipa og flutningaskipa þegar þau fara um íslenskar hafnir.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari merkja eftirfarandi hugtök:

- a) *Vinnutími*: Sá tími sem skipverja er skylt að vinna um borð.
- b) *Hvíldartími*: Tími sem telst ekki til vinnutíma. Það telst ekki til hvíldartíma þegar stutt hlé er gert á vinnu.
- c) *Farþegaskip*: Hvert það skip, skrásett sem farþegaskip, sem getur flutt fleiri en 12 farþega til og frá landinu, milli hafna innan lands og utan.
- d) *Flutningaskip*: hvert það skip, skrásett sem flutningaskip, er siglir með varning til og frá landinu, milli hafna innan lands og utan.
- e) *Skipverji*: Sá einstaklingur sem ráðinn er til starfa á skipi sem reglugerð þessi tekur til.
- f) *Kvörtun*: Allar upplýsingar eða skýrsla frá meðlimi áhafnar, fagfélagi, eða samtökum, stéttarfélagi eða almennt hverjum þeim einstaklingi sem hefur áhuga á öryggi skipsins, einkum því sem lýtur að öryggi eða heilsu áhafnarinnar.
- g) *Skipverji sem vinnur næturvinnu*: Skipverji sem vinnur að lágmarki 3 klukkustundir af sínum daglega vinnutíma í næturvinnu eða sem ætlast er til að vinni að lágmarki 25% af sínum árlega vinnutíma í næturvinnu.
- h) *Útgerðarmaður*: Eigandi skips eða hver sú stofnun eða einstaklingur, t.d. framkvæmdastjóri eða miðlari þurrleiguskipa (skipa án áhafna), er hefur tekið á sig ábyrgð á rekstri skipsins fyrir hönd eiganda skipsins, og sem hefur með því að takast þessa ábyrgð á hendur gengist við öllum skyldum og þeirri ábyrgð sem því fylgir.
- i) *Skoðunarmaður*: Starfsmaður Siglingastofnunar sem annast eftirlit með ákvæðum reglugerðar þessarar.

II. KAFLI
Íslensk farþegaskip og flutningaskip.

4. gr.
Lágmarksaldur.

Enginn undir 16 ára aldri skal vinna um borð í skipi sem fellur undir reglugerð þessa.

5. gr.
Vinnu- og hvíldartími.

Venjulegur vinnutími skipverja skal, að meginreglu til, ekki vera lengri en 48 klst. á viku, einn frídagur í viku og frí á lögboðnum frídögum, nema annað sé ákveðið í kjarasamningum.

Mörk vinnu- og hvíldartíma skulu vera annaðhvort:

- * hámarksvinnutími sem ekki má vera lengri en 14 klst. á hverju 24 klst. tímabili og 72 klst. á hverju 7 daga tímabili eða

- * lágmarkshvíldartími sem skal að lágmarki vera 10 klst. á hverju 24 klst. tímabili og 77 klst. á hverju 7 daga tímabili.

Hvíldartíma má ekki skipta á fleiri en tvö tímabil og skal annað vara að lágmarki í 6 klst. Tímabilið milli tveggja hvíldartíma má ekki vera lengra en 14 klst.

Með kjarasamningum er heimilt að víkja frá ákvæðum 2. og 3. mgr. vegna hlutlægra og tæknilegra ástæðna eða ástæðna er varða skipulag vinnunnar enda sé slíkt í samræmi við almennar meginreglur um verndun öryggis og heilbrigðis sjómanna og tekið er mið af örari eða lengri fríum eða veitt uppbótarfrí fyrir skipverja sem vinna á vöktum eða um borð í skipum sem eru í stuttum ferðum.

Nafnakall, eldvarnar- og björgunaræfingar, sem mælt er fyrir um í lögum, reglugerðum og alþjóðasamningum, skulu fara fram með þeim hætti að hvíldartími raskist eins lítið og hægt er og þannig að þær valdi ekki þreytu.

Þegar skipverji er á bakvakt, t.d. þegar vélarúm er ómannað, skal hann ef venjulegum hvíldartíma er raskað með útkalli fá samfellda viðbótarhvíld í staðinn.

6. gr.

Neyðartilvik.

Skipstjóri á skipi getur krafist þess að skipverji vinni þá tíma sem nauðsynlegir eru vegna öryggis skipsins á þeirri stundu, skipverja um borð, farms, annarra fjármuna sem á skipi eru eða til að veita aðstoð öðrum skipum eða skipverjum í nauð á hafi úti.

Í slíkum tilvikum getur skipstjóri vikið frá skipulagi vinnu- eða hvíldartíma og krafist þess að skipverji vinni þann tíma sem nauðsynlegur er þar til ástandið er orðið eðlilegt aftur.

Skipstjóri skal tryggja eins fljótt og auðið er eftir að ástandið er orðið eðlilegt aftur að skipverji, sem hefur sinnt störfum í fyrirfram ákveðnum hvíldartíma sínum, fái næga hvíld.

7. gr.

Árlegt orlof.

Allir skipverjar skulu eiga rétt á að minnsta kosti fjögurra vikna árlegu orlofi á launum, eða hlutfalli þar af fyrir starfstíma sem er skemmri en ár, í samræmi við viðmiðunarreglur um rétt til, og veitingu slíks orlofs sem mælt er fyrir um í lögum.

Greiðsla má ekki koma í stað árlegs lágmarksorlofs á launum, nema þegar um starfslok er að ræða.

8. gr.

Næturvinnna.

Enginn skipverji undir 18 ára aldri skal vinna að nóttu til. Með nótt er átt við tímabil sem varir í a.m.k. níu samfelldar klukkustundir, þar með talið tímabilið frá miðnætti til klukkan fimm að morgni. Ekki er nauðsynlegt að beita þessu ákvæði ef það hindrar menntun og þjálfun ungra sjómanna frá 16 til 18 ára að því er varðar fyrirfram ákveðin verkefni og áætlanir.

9. gr.

Skoðun.

Siglingastofnun Íslands skal hafa eftirlit með að fylgt sé ákvæðum þessarar reglugerðar í íslenskum farþegaskipum og flutningaskipum og getur skoðunarmaður hvenær sem er farið um borð og krafist nauðsynlegra upplýsinga til að hafa slíkt eftirlit. Stofnunin getur falið öðrum viðurkenndum aðilum framkvæmd eftirlitsins. Um framkvæmd skoðana fer eftir ákvæðum laga um eftirlit með skipum og reglum settum skv. þeim.

10. gr.

Tafla yfir vinnutíma.

Á aðgengilegum stað um borð skal vera tafla, á því tungumáli eða þeim tungumálum sem notað/notuð eru við vinnu um borð og á ensku, sbr. fyrirmynd í I. viðauka með reglugerð þessari, sem hefur að geyma upplýsingar um skipulag vinnutíma um borð og þar sem birt er að minnsta kosti fyrir hverja stöðu:

- a) áætlun um vinnuskyldu á sjó og í höfnum, og
- b) hámarksvinnutími eða lágmarkshvíldartími sem krafist er í lögum, reglum eða kjarsamningum sem í gildi eru í fánaríki skipsins.

Í töfluna skal færa upplýsingar um daglegan vinnutíma eða daglegan hvíldartíma hvers og eins skipverja til að hægt sé að fylgjast með hvort gætt sé ákvæða 5. gr. reglugerðar þessarar. Skipverji á rétt á að fá afrit af þeim skráningum sem varða hann og skulu þær áritaðar af skipstjóranum eigi sjaldnar en mánaðarlega, eða öðrum þeim sem skipstjórinn hefur veitt til þess umboð auk skipverjans sjálfs.

Afrit töflunnar skal varðveitt um borð í íslenskum skipum skv. reglugerð þessari í 6 mánuði frá því starfi var sinnt og útgerðarmaður skal varðveita skrána í 3 ár þaðan í frá. Utgerðarmanni er skylt að senda Siglingastofnun afrit skrárinnar óski hún eftir því. Siglingastofnun getur samþykkt að skrárnar séu varðveittar á rafrænan hátt og að upplýsingar til hennar séu sendar á rafrænan hátt.

Afrit af ákvæðum laga og reglugerða um vinnutíma skipverja og af viðeigandi kjarsamningum skulu geymd um borð og skal áhöfnin hafa greiðan aðgang að þeim.

11. gr.

Ábyrgð útgerðarmanns og skipstjóra.

Útgerðarmaður skipsins skal útvega skipstjóranum nauðsynleg gögn til að fullnægja þeim skyldum sem þessi reglugerð hefur í för með sér, þar með talin gögn um rétta mönnun skipsins. Skipstjórinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé að kröfum þessarar reglugerðar um vinnutíma og hvíldartíma skipverja.

12. gr.

Læknisvottorð.

Allir skipverjar skulu hafa læknisvottorð um að þeir séu færir um að inna af hendi það starf sem þeir munu gegna á sjó.

Ákveða skal, að höfðu samráði við útgerðarmenn skipsins sem um ræðir og viðkomandi samtök skipverja, hvernig heilbrigðiseftirliti skuli hagað og hvaða upplýsingar skuli koma fram á læknisvottorðinu, sbr. 4. gr. og I. viðauka reglugerðar um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 416/2003.

Allir skipverjar skulu fara reglulega í læknisskoðun. Vaktmenn, sem eiga við heilsuvandamál að stríða og lækni hefur staðfest að séu til komin vegna næturvinnu, skulu, alltaf þegar þess er nokkur kostur, færðir til í starfi þannig að þeir stundi dagvinnu sem hentar þeim.

Skipverjar skulu njóta öryggis og heilsuverndar í samræmi við starf sitt. Samsvarandi verndar- og forvarnarþjónusta eða aðstaða sem þjónar slíkum tilgangi skal vera til staðar vegna öryggis og heilsu sjómanna sem vinna dag- eða næturvinnu.

III. KAFLI

Erlend farþegaskip og flutningaskip sem fara um íslenskar hafnir.

13. gr.

Skoðun.

Siglingastofnun Íslands skal hafa eftirlit með að fylgt sé ákvæðum þessarar reglugerðar og tilskipana skv. 17. gr. í erlendum farþegaskipum og flutningaskipum sem fara um íslenskar hafnir og getur hvenær sem er krafist nauðsynlegra upplýsinga til að hafa slíkt eftirlit. Þegar skoðun er framkvæmd skal skoðunarmaður ákvarða hvort:

- a) tafla með upplýsingum um vinnutilhögun um borð hafi verið útbúin á vinnutungumáli eða tungumálum skipsins og á ensku samkvæmt fyrirmynd í I. viðauka, eða á öðru sambærilegu formi og hafi verið sett upp á aðgengilegum stað um borð;
- b) gögn um vinnutíma eða hvíldartíma skipverja hafi verið tekin saman á vinnutungumáli eða tungumálum skipsins og á ensku samkvæmt fyrirmynd í II. viðauka, eða á öðru sambærilegu formi og séu geymd um borð og að sannað sé að gögnin hafi verið árituð af lögbæru yfirvaldi í skráningarríki skipsins.

Ef kvörtun hefur borist eða ef skoðunarmaður telur, eftir athuganir um borð, að skipverjar séu of þreyttir skal skoðunarmaðurinn framkvæma nákvæmari skoðun, í samræmi við 1. mgr., til að ákvarða hvort vinnutími eða hvíldartími sem skráður hefur verið sé í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar og hvort þeim hefur verið framfylgt með tilliti til annarra gagna um rekstur skipsins.

14. gr.

Framkvæmd skoðunar.

Siglingastofnun er heimilt að framkvæma skoðun um borð í erlendum skipum sem fara um íslenskar hafnir til að ganga úr skugga um fyrirkomulag vinnu- og hvíldartíma og skipulag vakta um borð. Um framkvæmd skoðana fer eftir ákvæðum laga og reglna um hafnar-ríkiseftirlit.

Gera skal allt sem hægt er til að forðast að skip sé tafið á ótilhlýðilegan hátt. Ef skip er tafið á ótilhlýðilegan hátt á eigandi þess eða útgerðarmaður rétt á bótum fyrir tap eða tjón sem hann hefur orðið fyrir. Í hvert skipti sem meint ótilhlýðileg töf á sér stað skal sönnun-arbyrði þess efnis hvíla á herðum eiganda eða útgerðarmanni skipsins.

Siglingastofnun skal, ef kvörtun berst sem augljóslega er ekki tilefnislaus að hennar mati eða ef hún fær sannanir fyrir því að ástand skips og að fyrirkomulag vinnu- og hvíldartíma um borð er ekki í samræmi við reglugerð þessa, tilkynna skráningarríki skipsins um niður-stöðu skoðunar sem gerð hefur verið og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að aðbún-aður um borð, sem sannanlega stofnar öryggi eða heilsu áhafnarinnar í hættu, sé lagfærður.

Siglingastofnun Íslands er óheimilt að veita skipstjóra eða útgerðarmanni skipsins neinar upplýsingar um þann sem bar fram kvörtun.

Við skoðun á skipi sem skráð er í eða siglir undir fána ríkis sem ekki hefur skrifað undir ILO-samþykkt nr. 180 eða bókun við ILO-samþykkt nr. 147 skal Siglingastofnun tryggja að slíkt skip og áhöfn þeirra hljóti ekki hagstæðari meðferð en þá sem skip hlýtur sem siglir undir fána ríkis sem er aðili annað hvort að ILO-samþykkt nr. 180 eða bókun við ILO-samþykkt nr. 147 eða að hvoru tveggja.

15. gr.

Úrbætur og farbann.

Ef skoðun eða nákvæm skoðun gefur til kynna að ástand skipsins fullnægi ekki kröfum reglugerðar þessarar skal Siglingastofnun gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að

úrbætur séu gerðar á aðbúnaði sem sannanlega stofnar öryggi og heilsu skipverja í hættu, t.d. með því að leggja farbann á skipið meðan úrbætur hafa ekki verið gerðar og meðan skipverjar hafa ekki fengið nægilega hvíld.

Ef augljósar sannanir eru fyrir því að vaktmenn á fyrstu vakt eða á síðari afleysingavöktum séu of þreyttir skal Siglingastofnun tryggja að skipið leggi ekki úr höfn fyrr en það sem er í ólagi hefur verið lagfært eða skipverjarnir fengið nægilega hvíld.

Ef svo ber undir að farbann sé lagt á skip skal Siglingastofnun tilkynna skipstjóranum, útgerðarmanni, stjórnvaldi fánaríkis eða skráningarríkis skipsins eða ræðismanni, eða í fjarveru hans næsta fulltrúa utanríkisþjónustu ríkisins, um niðurstöður skoðana skv. 13. gr. og þegar það á við, um þær aðgerðir til úrbóta sem krafist er.

Útgerðarmaður skipsins eða umboðsmaður hans á Íslandi getur kært farbann til farbannsnefndar sem starfar samkvæmt lögum um eftirlit með skipum og frestar kæra ekki áhrifum farbannsaðvörðunar. Siglingastofnun skal veita skipstjóra upplýsingar um kærurétt vegna farbanns.

16. gr.

Refsingar.

Um brot gegn reglugerð þessari vegna íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa fer eftir ákvæðum 15. gr. laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, með síðari breytingum.

17. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. mgr. 7. gr. og 17. gr. laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, með síðari breytingum og 8. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Með reglugerð þessari er innleidd tilskipun ráðsins 1999/63/EB frá 21. júní 1999 um samning um skipulag á vinnutíma sjómanna á kaupskipum milli Samtaka skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samtaka félaga flutningaverkamanna í Evrópusambandinu (FST), sem birtist í Stjórnartíðindum EB L 244, 16. september 1999, bls. 64 og ákvörðun EES-nefndar nr. 97/2000, sem birtist í EES-viðbæti 2/2001, bls. 14, sbr. þingsályktun Alþingis frá 27. mars 2001 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2000, um breytingar á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn.

Jafnframt er með þessari reglugerð innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/95/EB frá 13. desember 1999 um framkvæmd ákvæða um vinnutíma sjómanna á skipum sem fara um hafnir í bandalaginu, sem birtist í Stjórnartíðindum EB L 14, 20. janúar 2000, bls. 29 og ákvörðun EES-nefndar nr. 94/2000 frá 27. október 2000, sem birtist í EES-viðbæti 2/2001, bls. 11, sbr. og þingsályktun Alþingis frá 23. apríl 2001 um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2000, um breytingar á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.

Samgönguráðuneytinu, 30. júlí 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir

I. VIÐAUKI

Nafn skips: _____ Fáni skips: _____ IMO númer (ef til er): _____

Tafla síðast uppfærð: _____ bls. () af () bls.

Hámarksnúttitími eða lágmarksvilðartími í samræmi við:
 (landsög eða reglur) gefinn út í samræmi við ILO-samþykki frá 1906 um vinnutíma sjómanna og mönnun skipa (nr. 180) og í samræmi við alla
 gildandi kjarasamninga skráða eða heimilaði í samræmi við þann samning og afþjódasamþykktina frá 1978 um meintun og þjálfun, skilríki og vakstöður sjómanna, með áörðum breytingum, (STCW-samþykktin) (²).

Hámarksvinnutími eða lágmarkshvildartími (³):

Aðrar kröfur:

[illegible]

Undirskrift skipstjóra:

(¹) Þau hugtök sem notuð eru í þessari fyrirmynd skulu vera bæði á vinnutungumáli eða -tungumálum skipsins og ensku.

(C) Sjá útdrátt úr ILO-samyþkkt nr. 180 og STCW-samyþkktinni á næstu blaðsíðu.

(³) Strikið út það sem ekki á við.

(4) Stöðuheiti sem notuð eru í þessu skjali skulu vera hin sömu og þau sem notuð eru í öryggismönnumarskrirteini skipsins.

2) Nota má athugasemdadakinn til að gefa upp áætlaðan fjölda vinnutíma við öfyriseða vinnu að því er varðar vaktmenn og skal allur slíkur vinnutími meðalinn í viðeigandi dalki yfir heildarvinnutíma.

ÚTDRÁTTUR ÚR ILO-SAMÞYKKT nr. 180 OG STCW-SAMÞYKKTINNI**ILO-samþykkt nr. 180**

5. gr.

1. Takmarkanir á vinnutíma eða hvíldartíma skulu vera sem hér segir:
 - a) hámarksvinnutími skal ekki vera lengri en
 - i) 14 klukkustundir á hverjum sólarhring; og
 - ii) 72 klukkustundir á hverju sjö daga tímabili, eða
 - b) lágmarkshvíldartími skal ekki vera styttri en
 - i) 10 klukkustundir á hverjum sólarhring, og
 - ii) 77 klukkustundir á hverju sjö daga tímabili.
2. Hvíldartíma má ekki skipta upp í fleiri en tvo hluta og skal annar hvor hluti hvíldartímans vera að minnsta kosti sex klukkustundir og ekki skulu líða meira en 14 klukkustundir á milli tveggja hvíldartíma.
6. Ekkert í 1. og 2. mgr. skal koma í veg fyrir að í þátttökuríkjunum séu í gildi innlend lög, reglur eða ráðstafanir sem gera lögbæru yfirvaldi kleift að heimila eða skrá kjarasamninga sem veita undanþágur frá þeim takmörkunum sem settar eru. Slíkar undanþágur skulu fylgja reglum eins og mögulegt er en geta tekið mið af fleiri eða lengri frúm eða veitt skipverjum sem vinna á vöktum eða um borð í skipum sem eru í stuttum ferðum uppþótarfrí.

7. gr.

1. Ekkert í þessari samþykkt skal koma í veg fyrir að skipstjóri geti krafist þess að skipverji vinni þá tíma sem nauðsynlegir eru vegna öryggis skipsins, skipverja um borð eða farms eða til að veita aðstoð öðrum skipum eða skipverjum í nauð á hafi úti.
3. Eftir að eðlilegu ástandi hefur verið komið á skal skipstjóri tryggja, eins fljótt og auðið er, að skipverjar sem hafa sinnt störfum í fyrirfram ákveðnum hvíldartíma sínum, fái fullnægjandi hvíld.

STCW-samþykktin*Þáttur A-VIII/1 í STCW-reglunum (lögboðinn)*

1. Öllum, sem er ætlað að standa vaktir, yfirmönnum sem aðstoðarmönnum, skal tryggja að minnsta kosti 10 klukkustunda hvíld á hverju 24 klukkustunda tímabili.
2. Hvíldartíma má ekki skipta upp í meira en tvo hluta og skal annar hvor hluti hvíldartímans vera a.m.k. 6 klukkustundir.
3. Víkja má frá skilyrðum sem krafist er í 1. og 2. tölulið um hvíldartíma í neyðartilvikum eða á æfingum eða ef það er afar brýnt vegna starfsemi skipsins.
4. Þrátt fyrir skilyrði sem um getur í 1. og 2. tölulið má stytta 10 klukkustunda lágmarkshvíldartíma, en þó ekki í færri en 6 samfelldar klukkustundir, svo fremi að slík stytting standi ekki lengur en í tvo daga og að tryggð sé að minnsta kosti 70 klukkustunda hvíld á hverju sjö daga tímabili.
5. Stjórnvöld skulu krefjast þess að áætlanir um vaktir séu settar upp þar sem auðvelt er að komast að þeim.

Þáttur B-VIII/1 í STCW-reglunum (leiðbeinandi)

3. Við beitingu reglugerðar VIII/1 skal tillit tekið til eftirfarandi:
 1. reglur sem hafa verið settar til að koma í veg fyrir þreytu eiga að tryggja að heildarvinnutími sé ekki óhóflega langur eða fjöldi vinnustunda ósanngjarn. Sérstaklega er skylt að túlka ekki þann tíma sem er ætlaður til lágmarkshvíldar þannig að alla aðra tíma sólarhringsins megi nota til vakta eða annarra skyldustarfa;
 2. að tíðni og lengd orlofa ásamt því að veita áunnið leyfi skipta mjög miklu máli við að koma í veg fyrir að þreyta safnist upp á ákveðnu tímabili;
 3. reglurnar geta verið breytilegar fyrir skip sem eru í styttri siglingum með því skilyrði að sérstakar öryggisráðstafanir séu gerðar.

II. VIÐAUKI

FYRIRMYND AÐ SKRÁ YFIR VINNUTÍMA OG HVÍLDARTÍMA SKIPVERJA ⁽¹⁾

Bls. 1 af 2

Nafn skips: _____ IMO númer (ef til er): _____ Fáni skips: _____

Skipverji (fullt nafn): _____ Starfsheiti: _____

Mánudur og ár: _____ Vaktmaður ⁽²⁾: já ☐ nei ☐

Skrá yfir vinnutíma/hvildartíma⁽¹⁾
Vinnutími og hvildartími skal merktur með „X“ eða með samfelldu striki eða ör.

FYLLID ÚT TÓFLUNA Á BAKSIDUNNI

Eftirfarandi landslög, reglur og/öð kjarasamningar um takmarkanir á vinnutíma eða lágmarkshvildartíma gilda um þetta skip:

Undirritaður viðurkennir að þessi skrá gefur rétta mynd af vinnutíma eða hvildartíma viðkomandi skipverja.

Nafn skipstjóra eða þess einstaklings sem skipstjóri veitir umboð til að undirrita þessa skrá: _____

Undirskrift skipstjóra eða einstaklings með umboð: _____ Undirskrift skipverja: _____

Skipverjinn skal fá afrit af þessari skrá.
Þetta eyðublað er skotað og áritað í samræmi við málsmóferð sem ákvörðuð er af Siglingastofnun Íslands

⁽¹⁾ Þau hugtök sem notað eru í þessari fyrirmynd skulu vera bæði á vinnutungumáli eða -tungumálum skipsins og ensku.
⁽²⁾ Merkið það sem við á.
⁽³⁾ Stríkið út það sem ekki á við.

REGLUGERÐ

um heimild finnskra og hollenskra ríkisborgara til að stofna til staðfestrar samvistar á Íslandi.

1. gr.

Ríkisborgararéttur í Finnlandi og Hollandi er lagður að jöfnu við íslenskan ríkisborgararétt skv. a-lið 2. mgr. 2. gr. laga um staðfesta samvist, nr. 87/1996.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga um staðfesta samvist, nr. 87/1996, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. júlí 2004.

Björn Bjarnason.

Drífa Pálsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingu í Borgarfjarðarsveit.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar, Borgarfjarðarsýslu, hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi Hvanneyrar, svæði A, Sóltúnshverfi, Borgarfjarðarsveit.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

12. ágúst 2004.

Fyrir hönd hreppsnefndar,

Linda Björk Pálsdóttir,
sveitarstjóri Borgarfjarðarsveitar.

GJALDSKRÁ

Hornafjarðarhafnar.

I. ALMENN GJALDKRÁ

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóða-samþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969. Af öllum skipum skal greiða hafnagjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Skipagjöld.

Lestagjöld	7,40	kr./brúttótonn
Bryggjugjöld	2,16	kr. brúttótonn/12 tíma
Lesta- og bryggjugjöld (mánaðargjöld)	48,40	kr./brúttótonn/mánuði
Lesta- og bryggjugjöld (mánaðargjöld), lágm.gjald.	5.286	kr./mánuði
Lesta- og bryggjugjöld (mán.gjöld), lágm.gjald fyrir báta minni en 20 bt.	3.459	kr./mánuði

Lestagjöld eru 7,40 kr. á mælieiningu (brúttótonn).

Af öllum skipum skal greiða lestagjald, en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði. Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Bryggjugjöld eru 2,16 kr. á mælieiningu (brúttótonn).

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða bryggjugjald fyrir hverja byrjaða 12 tíma sem skipið liggur bundið. Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 26 sinnum í mánuði. Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 58 á brúttótonn., en þó aldrei lægra en kr. 6.343 á mánuði. Bátar minni en 20 bt. greiði þó aldrei lægra en kr. 4.150 á mánuði.

Vörugjöld.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

1. flokkur	138,80	kr./tonn
2. flokkur	267,20	“
3. flokkur	288,50	“
4. flokkur aflagjald	1,60%	af aflaverðmæti
Lágmarksgjald í öllum flokkum	77,40	kr.

1. flokkur – gjald er kr. 138,80 kr. fyrir hvert tonn.

Bensín, brennsluolfur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.

2. flokkur – gjald er kr. 267,20 kr. fyrir hvert tonn.

Lýsi og fiskimjöl.

3. flokkur – gjald er kr. 288,50 kr. fyrir hvert tonn.

- a) Pungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda
- b) Pökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur allskonar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.
- c) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd. Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.

4. flokkur – aflagjaldið er 1,60 % af aflaverðmæti.

Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Gjald af frystum afla frystitögara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis. Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Hámarksgjald samkvæmt lið þessum er 3.000 kr. fyrir hvert tonn.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 109,00.

Farþegagjald.

Heimilt er einstökum höfnum að taka farþegagjald við komu og brottför fyrir hvern fullorðin farþega og hálf gjald fyrir hvert barn sem fer um höfnina aðra en farþega ferja og flóabáta sem njóta styrks samkvæmt vegalögum.

II. ÞJÓNUSTUGJÖLD.

Samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar Hornafjarðarhafnar 17. mars 2003.

Þjónusta Björns lóðs.

Flutningur á hafnsögumanni, hver ferð.	7.700 kr./ferð
Þjónusta innan hafnargarðs	9.300 kr./klst
Þjónusta utan hafnargarðs í dagvinnu	18.800 kr./klst
Þjónusta utan hafnargarðs í yfirvinnu	21.300 kr./klst

Aðstoð Björns lóðs við skip innan við 100 brúttótonn.

Grunngjald	77.000 kr.
Fyrir hverja rúmlest 20-70	1.350 kr.
Fyrir hverja rúmlest 70-100	2.150 kr.
Tímagjald í lausakeyrslu	19.400 kr.
Tímagjald fyrir báta í drætti	25.000 kr.
Tímagjald f. lausakeyrslu og drætti f. báta <26 brt.	19.400 kr.

Upphæðir m.v. lánskj. vísit.=3.649 (FEB 99) og breytast með henni.

Dæmi:

Grunngjald			77.000	kr.
Stærð skips	100	brt.	215.000	kr.
Tímafjöldi í lausakeyrslu	4	tímar	77.600	kr.
Tímafjöldi í drætti	8	tímar	200.000	kr.
Samtals			569.600	kr.

Aðstoð við skip stærri en 100 brúttórúmllestir.

Fyrir skip sem eigi komast til hafnar af eigin vélaraflí (hjálpavara) en eru þó ekki í yfirvofandi hættu fer um greiðslu samkvæmt samkomulagi frá 16. september 1987 milli Samsteypu íslenskra fiskiskipatrygginga annars vegar og Landhelgisgæslu Íslands annars vegar og Landhelgisgæslu Íslands og LÍÚ hins vegar.

Hér á eftir fara helstu ákvæði þess samnings, m.v. lánskj.vístölu 3990.

Grunngjald, lágmark	524.909	kr.
Grunngjald, hámark	884.703	kr.
Tonnagjald	1.533	kr./brl
Hver klst. í lausakeyrslu	30.646	kr./klst
Hver klst. með skip í drætti	45.969	kr./klst

Dæmi:

Grunngjald (fer eftir virði skips)			524.909	kr.
Stærð skips	150	brl	229.944	kr.
Tímafjöldi í lausakeyrslu	4	klst.	122.584	kr.
Tímafjöldi í drætti	8	klst.	367.752	kr.
Samtals			1.245.189	kr.

Hafnsaga.

Hafnsögugjald aðra leið:

fast gjald	1.850	kr./ferð
stærðargjald	3,75	kr./mælieiningu/ferð

Innifalið er gjald í hafnsögunsjóð. Fyrir leiðsögu um höfnina skal greiða hálf gjald.

Vatnsgjöld.

Vatn til skipa	175	kr./m ³
Lágmarksgjald (10 m ³)	1.750	kr.
Vatn til stærri heimabáta	1.200	kr./mán
Vatn til heimasmábáta	700	kr./mán

Vigtargjöld.

Almenn vigtun	72	kr./tonn
Lágmarksgjald fyrir einstaka vigtun	432	kr.
Skráningargjald afla	41,80	kr./tonn

Magnafsláttur er veittur á skráningargjaldi fyrir uppsjávarfisk (síld, loðnu o.fl.) skv. eftirfarandi reglum:

Magn á ári	Til greiðslu
0 – 10.000 tonn	16 kr./ tonn
10.001 – 20.000 tonn	8 kr./ tonn
20.001 og meira	4 kr./ tonn

Skráningargjald greiðist fyrir allan afla sem landaður er í Hornafjarðarhöfn og ekki er veginn á hafnarvog skv. undanþágu Fiskistofu. Sá aðili sem undanþáguna hefur fengið er ábyrgur fyrir greiðslu skráningargjalds til hafnarinnar. Gjöldin innheimtast mánaðarlega og miðast við almanaksárið.

Rafmagn.

Almennt raforkugjald án VSK

6,41 kr./Wh

Raforkusala tekur sömu breytingum og A1 taxti RARIK

Sorpgjald.

Almennt sorpgjald, stærð skips	< 10 tonn	273 kr./mánuði
Almennt sorpgjald, stærð skips	10-100 tonn	1.000 kr./mánuði
Almennt sorpgjald, stærð skips	> 100 tonn	2.000 kr./mán
Fyrir hverja losun		2.700 kr.
Sérferð		5.400 kr.

Festargjald.

Í dagvinnu	2.900 kr./mann
Í næturvinnu	5.400 kr./mann
Kranagjald	hámark 10 skipti/mán. 400 kr.

Gjaldskrá fyrir Hornfjarðarhöfn er sett samkvæmt heimild í 17. grein hafnalaga nr. 61/2003 sbr. bráðabirgðaákvæði nr. 1.

Gjaldskráin tekur þegar gildi.

Hornafirði, 30. júlí 2004.

Albert Eymundsson,
hafnarstjóri.

REIKNINGUR

Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2003.

Rekstrarreikningur.

Fjármunatekjur:

	Kr.
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur	771.590.598
Aðrar vaxtatekjur	14.759.359
Lántökugjöld	26.572.500
Fjármunatekjur alls	<u>812.922.457</u>

Fjármagnsgjöld:

Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur	157.201.003
Önnur vaxtagjöld	3.339.164
Lántökugjöld	10.083.600
Fjármagnsgjöld alls	<u>170.623.767</u>
Hreinar fjármunatekjur	<u>642.298.690</u>

Aðrar tekjur:

Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	38.429.995
Söluhagnaður hlutabréfa	82.334
Aðrar tekjur alls	<u>38.512.329</u>

Rekstrargjöld:

Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	15.942.118
Sérkostnaður Lánasjóðs	8.963.814
Afskrift varanlegra rekstrarfjármuna	1.212.557
Rekstrargjöld alls	<u>26.118.489</u>

Tekjuafgangur ársins	<u>654.692.530</u>
----------------------------	--------------------

Efnahagsreikningur.

Eignir.

Fastafjármunir:

Varanlegir rekstrarfjármunir:	
Fasteign	29.469.468
Varanlegir rekstrarfjármunir alls	<u>29.469.468</u>

Áhættufé:

Hlutabréfaeign	375.854
Áhættufé alls	<u>375.854</u>

Langtímakröfur	Kr.
Skuldabréfaeign	12.410.806.415
Afborganir til greiðslu á næsta ári	(1.625.050.629)
Langtímakröfur alls	<u>10.785.755.786</u>
Fastafjármunir alls	<u>10.815.601.108</u>
Veltufjármunir:	
Útistandandi kröfur	525.721
Gjaldfallnar afborganir og vextir	9.431.903
Áfallnir útistandandi vextir	232.284.681
Afborganir sem gjaldfalla á næsta ári	1.618.329.977
Bankainnistæður	119.057.854
Sjóður	10.000
Veltufjármunir alls	<u>1.979.640.136</u>
Eignir samtals	<u>12.795.241.244</u>
Eigið fé og skuldir 31. desember 2003.	
Eigið fé:	
Eiginfjárreikningur	<u>9.101.588.946</u>
Eigið fé alls	<u>9.101.588.946</u>
Langtímaskuldir:	
Ábyrgðarskuldbinding:	
Lífeyrisskuldbinding vegna starfsmanna	<u>29.671.000</u>
Ábyrgðarskuldbinding alls	<u>29.671.000</u>
Langtímalán:	
Norræni fjárfestingarbankinn	2.333.651.725
Búnaðarbanki Íslands	106.608.697
Landsbanki Íslands	199.058.483
Íslandsbanki	<u>979.441.900</u>
	3.618.760.805
Afborganir næsta árs	<u>(318.272.440)</u>
Langtímalán alls	<u>3.300.488.365</u>
Skammtímaskuldir:	
Skuldheimtumenn	2.411.355
Áfallnir ógreiddir vextir	42.809.138
Afborganir næsta árs af langtímaskuldum	318.272.440
Skammtímaskuldir alls	<u>363.492.933</u>
Skuldir samtals	<u>3.693.652.298</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>12.795.241.244</u>

Reykjavík, 17. mars 2004.

Magnús B. Jónsson, stjórnarformaður

Magnús Gunnarsson, meðstjórnandi
Kristinn Jónasson, meðstjórnandi

Einar Njálsson, meðstjórnandi
Reinhard Reynisson, meðstjórnandi

Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri

Áritun endurskoðenda.

Til stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga.

Við höfum endurskoðað ársreikning Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 til 10.

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga og á ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athugun á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar er koma fram í ársreikningnum.

Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Lánasjóðs sveitarfélaga á árinu 2003, efnahag 31. desember 2003 og breytingu á handbæru fé á árinu 2003 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 17. mars 2004.

Jónmundur Guðmarsson, skoðunarmaður.

Sveinn Sæmundsson, löggiltur endurskoðandi.

AUGLÝSING

**um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 3/2004
um heimild handhafa flugrekstrarleyfa útgefinna af Flugmálastjórn Íslands til að
taka upp JAR-OPS 1, Amendment 6, útg. 1. ágúst 2003.**

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000 hefur Flugmálastjórn Íslands ákveðið að frá og með 1. september 2004 skuli handhöfum flugrekstrarleyfa útgefinna af Flugmálastjórn Íslands heimilt að taka upp og fylgja JAR-OPS 1, Amendment 6, útgefnum 1. ágúst 2003, í því skyni að hljóta vottun sem fullgildir JAR-OPS 1 flugrekendur innan aðildaríkja Flugöryggisamtaka Evrópu, JAA. Samhliða mun Flugmálastjórn Íslands veita þeim flugrekendum sem neyta þessarar heimildar, undanþágu frá þeim ákvæðum í II.-hluta reglugerðar nr. 780/2001 um flutningaflug með síðari breytingum, sem ekki eru í fullu samræmi við ákvæði JAR-OPS 1, Amendment 6.

Ákvörðun þessi er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar Íslands, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 10. ágúst 2004.

Porgeir Pálsson flugmálastjóri.

AUGLÝSING

**um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 4/2004
um skilyrði fyrir samþykki á lista yfir lágmarksbúnað (MEL) flugvéla hjá hand-
höfum flugrekstrarleyfa útgefinna af Flugmálastjórn Íslands.**

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000 hefur Flugmálastjórn Íslands ákveðið að frá og með 1. september 2004 skuli handhöfum flugrekstrarleyfa útgefinna af stofnunni skylt að fara að ákvæðum Leaflet 26 JAR-OPS 1/3 MEL POLICY DOCUMENT dags. 1. október 2002 þegar settur er saman listi yfir lágmarksbúnað samkvæmt ákvæðum gr. JAR-OPS 1.030 í reglugerð um flutningaflug nr. 780/2001. Sama dag skulu taka gildi reglur JAA nefndar JAR-MMEL/MEL: Master minimum equipment list / Minimum equipment list, útgefna 1. maí 2000.

Ákvörðun þessi er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar Íslands, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 10. ágúst 2004.

Porgeir Pálsson flugmálastjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 100 – 2004

Nr. 687

1780

13. ágúst 2004

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Reitur, 1.171.1

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti Borgarráð Reykjavíkur, þann 13. apríl 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.171.1, sem afmarkast af Laugavegi/ Smiðjustíg/Hverfisgötu og Klapparstíg. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Furugerði 1.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 28. júlí 2004 breytingu á deiliskipulagi Furugerðis 1.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 13. ágúst 2004.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

Helga Bragadóttir, skipulagsfulltrúi.

